

## Fjarðarheiðargöng Mat á áhrifum vegaf framkvæmda á landslag

Unnið fyrir Vegagerðina



Margrét Gísladóttir, Kristín Ágústsdóttir og Erlín E. Jóhannsdóttir.

NA-210112  
Júní 2021



## NÁTTÚRUSTOFA AUSTURLANDS

|   |  |                       |
|---|--|-----------------------|
| <b>Skýrsla nr:</b><br>NA-210112   | <b>Dags:</b> Júní 2021   | <b>Dreifing:</b> Opin |
| <b>Heiti skýrslu (aðal- og undirtitill):</b><br>Fjarðarheiðargöng. Mat á áhrifum vegaf framkvæmda á landslag.   | <b>Síðufjöldi:</b> 84 með viðaukum   |                       |
|   | <b>Fjöldi viðauka:</b> 4   |                       |
|   | <b>Myndir á forsíðu:</b> Kristín Ágústsdóttir  |                       |
|   | <b>Ljósmyndir í skýrslu:</b> Kristín Ágústsdóttir (KÁ) og Skarphéðinn G. Þórisson (SGÞ). |                       |
| <b>Höfundar:</b> Margrét Gísladóttir, Kristín Ágústsdóttir og Erlín E. Jóhannsdóttir.   |  |                       |
| <b>Unnið fyrir:</b> Vegagerðina   |  |                       |
| <p>Sumarið 2020 lagði Náttúrustofa Austurlands mat á landslagseinkenni á mögulegum valkostum veglína um Fjarðarheiðargöng vegna umhverfismats fyrirhugaðra framkvæmda. Ein veglína var til skoðunar í Seyðisfirði en þrjár valkostir Héraðsmegin: Norðurleið, Miðleið og Suðurleið. Markmið þessa verkefnis var tvískipt. Annarsvegar að greina landslags á fyrirhuguðum framkvæmdarsvæðum og meta verndargildi þess, og hins vegar að meta hversu mikil áhrif framkvæmdin geti haft á landslag og sjónræna þætti. Áætlað framkvæmdasvæði nær yfir nokkuð stórt landsvæði með ólíkum landslagsþáttum. Héraðsmegin liggja allir fyrirhugaðir valkostir veglína einkum um birkiskóga og -kjarr, tún, skógrækt og annað manngert land og nokkuð stór votlend svæði. Landsvæðið heyrir undir inn dali sem eru lágland en fremur gróðursæl landsvæði inn til landsins. Seyðisfjarðarmegin liggur fyrirhuguð veglína um hjalla með lyng- og flagmóa og mosavöxnum holtum, votlend svæði og útivistarsvæðin í Selhjallaskógi og Hagavöll (golfvöll Seyðfirðinga).</p> <p>Landslag í Seyðisfirði er einkennandi fjarðarlandslag með bröttum fjöllum, þar sem lítið er um undirlendi og víðsýni takmarkað nema út fjörðinn.</p> <p>Fyrirhuguð framkvæmd kemur til með að hafa áhrif á víðfeðmt svæði og hefur hluti framkvæmdasvæðis gildi á landsvísu vegna stöðu á náttúruminjasrá. Mörg svæði í eða við valkosti Héraðsmegin hafa verið tilnefnd til náttúruverndar vegna náttúrufars og útivistargildis. Ekkert svæði hefur þó verið friðlýst.</p> <p>Norðurleið kemur til með að hafa talsverð neikvæð áhrif á landslag, enda sá valkostur Héraðsmegin sem er lengstur, fer um fjölbreyttustu búsvæðin og þverar Eyvindará og Miðhúsaá, ásamt fjölda lækja. Miðleið er sá valkostur sem myndi hafa minnstu áhrif á landslag, enda er hún styst og þverar Eyvindará eingöngu á einum stað. Hún fer hvernig yfir víðfeðm votlend svæði en fer þó að miklu leyti um birkiskóg. Miðleið kemur til með að hafa nokkuð neikvæð áhrif á landslag og er það aðallega vegna nýlagningar vegar. Suðurleið er veglína sem stendur ekki ein og sér heldur er alltaf hluti af Miðleið líka. Framkvæmdir kæmu til með að hafa talsverð neikvæð áhrif á landslag þar sem hún fer yfir stærstu votlendissvæðin, birkiskóg og aðrar vistgerðir sem skilgreindar eru með hátt verndargildi. Veglínin í Seyðisfirði kemur helst til með að hafa áhrif á útivistarsvæði, þar sem fyrirhugað efnislosunarsvæði liggur við neðri mörk Selhjallaskógar og veglínin mun þvera miðjan golfvöll Seyðfirðinga. Talið er að heildaráhrif á landslag og sjónræna þætti verði óverulegt vegna þess að stór hluti veglínunnar liggur að mestu ofan núverandi vegar og breytingar á landslagi verða því minniháttar.</p> <p>Framkvæmdin kemur til með að hafa bæði afturkræfar og óafturkræfar breytingar í för með sér og munu sumar þeirra valda varanlegum breytingum á landslagi. Neikvæð áhrif er að hluta til hægt að lágmarka með því að beita mótvægisáðgerðum.</p> |  |                       |
| <b>Lykilorð:</b> Vegagerðin, Fjarðarheiðargöng, Seyðisfjörður, Egilsstaðir, jarðgöng, sjónræn áhrif vegagerðar, landslag, umhverfi, verndarsvæði  | <b>ISSN nr:</b> 2547-7447 (rafræn útgáfa)  |                       |
| <b>Yfirlit:</b> EEJ, KÁ og SGÞ  | <b>ISBN nr:</b> 978-9935-9591-3-3 (rafræn útgáfa)  |                       |

|  |    |
|--|----|
| <b>Efnisyfirlit</b>  |    |
| Myndaskrá  | 4  |
| Töfluskrá  | 8  |
| 1. Inngangur   | 9  |
| 1.1 Veglínur   | 9  |
| 1.2 Rannsóknasvæði   | 11 |
| 2. Aðferðir og viðmið  | 13 |
| 3. Niðurstöður - Greining svæða  | 20 |
| 3.1 Norðurleið   | 20 |
| 3.2 Miðleið  | 25 |
| 3.3 Suðurleið  | 29 |
| 3.4 Veglína í Seyðisfirði  | 35 |
| 5. Samanburður veglína   | 40 |
| 5.1 Niðurstöður á heildarvægi  | 40 |
| 5.1.2 Norðurleið   | 41 |
| 5.1.3 Miðleið  | 43 |
| 5.1.4 Suðurleið  | 44 |
| 5.1.5 Veglínán í Seyðisfirði   | 45 |
| 5.2 Efnistökusvæði, efnislosunarsvæði og vinnubúðir                            | 46 |
| 5.3 Mótvægisaðgerðir   | 46 |
| 6. Samantekt   | 48 |
| 7. Heimildaskrá  | 49 |
| Viðauki 1 – Útskýringar á breytum í gátlista                                   | 51 |
| Viðauki 2 – Útfylltur gátlisti fyrir hvern myndapunkt                          | 53 |
| Viðauki 3 – Viðmið sem notuð voru við greiningu á gildi landslags              | 75 |
| Viðauki 4 – Framsetning fyrirhugaðra vega á þrívíddarmyndum. Unnið af Mannviti | 77 |

## Myndaskrá

1. mynd. Yfirlitskort sem sýnir framlagða valkosti veglína Fjarðarheiðaganga. Héraðsmegin frá gangamunna Fjarðarheiðarganga við gömlu túnin á Dalhúsum. Seyðisfjarðarmegin frá gangamunna Fjarðarheiðarganga við Gufufoss. Innfellda kortið af Seyðisfirði er í sama mælikvarða og kortið Héraðsmegin (ESRI 2020, Samsýn 2018). Suðurleið eins og hún er táknuð á kortinu (fjólublá lína) er aldrei valkostur ein og sér, heldur innifelur hún Miðleið..... 10
2. mynd. Horft í vesturátt yfir Egilsstaði, Lagarfljót og Fellabæ. Eyvindará sést til hægri á myndinni. Ljósmynd: SGP..... 11
3. mynd Horft út Seyðisfjörð í austurátt. Ljósmynd: KÁ..... 12
4. mynd. Skilgreint áhrifasvæði landslags fyrir allar veglínur er 5 km breitt svæði frá miðlínu vega, bráðabirgða-vegar og efnislosunarsvæðis..... 19
5. mynd. Staðsetning myndpunkta á Norðurleið. .... 20
6. mynd. Horft í suðurátt eftir vegslóða og yfir þéttan birkiskóg. Fjölliná Fagradal í baksýn. Myndin var tekin í myndapunkti 24N. Ljósmynd: KÁ..... 21
7. mynd. Horft í vesturátt í myndapunkti 28N. Smágerð blettastærð gaf landinu sjónræna fjölbreytni og mikil árstíðabundin litbrigði í gróðrinum. Töluvert manngert land. Ljósmynd: KÁ..... 21
8. mynd. Horft í vesturátt frá norðurhluta veglínunnar nær byggð. Raflínan blasti við þar sem hún stendur ofan á malarhaug og síðan mátti sjá vatnstank og íbúðarhús upp á hæðinni. Í fjarska sáust hraunhjallar. Myndin var tekin í myndapunkti 27N. Ljósmynd: KÁ..... 22
9. mynd. Horft í austurátt norðarlega á veglínunni í myndapunkti EN2. Víðsýni var töluverð og sást vel í Gagnheiði og Fjarðarheiði í fjarska. Manngert land varð meira áberandi norðar á veglínunni en þar mátti sjá ræktaðan skóg, vegslóða og girðingu sem dæmi. Gróðurlausir malarhaugar, til hægri á myndinni, skáru sig úr annars mikið grónu landi. .... 22
10. mynd. Staðsetning myndpunkta á Miðleið eru sýndir með hvítum lit og staðsetning myndpunkta á bráðabirgðaveginum sem er hluti af Miðleið eru sýndir með bláum lit. .... 25
11. mynd. Horft í suðurátt úr myndapunkti 50N yfir hugsanlega staðsetningu brúarstæðis yfir Eyvindará. Ljósmynd: KÁ..... 26
12. mynd. Horft í austurátt úr myndapunkti EH6. Þéttleiki skógar var mikill en inn á milli birkitrjáa sást glitta í mýrabletti, graslendi og mela. Lækir liðuðust niður hlíðarnar og mynduðu bugður eða svigður í landslaginu. Ljósmynd: KÁ. .... 26
13. Mynd. Horft í austurátt úr myndapunkti EH1 þar sem tún og birkiskógur voru í forgrunni en sjá mátti núverandi veg yfir Fjarðarheiði í bakgrunni. Mannvirki voru meira áberandi norðar á veglínunni. Ljósmynd: KÁ. .... 27
14. mynd. Þéttleiki birkiskógar á Miðleið var mikill líkt og sjá mátti í myndapunkti EH2. Þar sást glitta í lyngmóa inná milli birkitrjáa og er bláberjalyng í haustlitunum áberandi í landslaginu. Ljósmynd: KÁ. .... 27
15. mynd. Staðsetning myndpunkta á Suðurleið. Suðurleið er leið sem stendur ekki ein og sér og er Miðleið alltaf hluti af leiðinni, ásamt bráðabirgðaveginum..... 29
16. mynd. Horft í suðurátt yfir fyrirhugað bráðabirgðabrúarstæði sem var hluti af Mið- og Suðurleið. Sjá mátti núverandi slóða vestan megin við ána. Ljósmynd: KÁ. .... 30



|   |    |
|---|----|
| 17. mynd. Horft í vesturátt úr myndapunkti ES1 þar sem birki og lyngmói voru mest áberandi. Þá sást í Lagarfljót, hjalla vestan fljótsins og ræktaðan skóg. Ljósmynd: KÁ. ....  | 30 |
| 18. mynd. Horft í austurátt úr myndapunkti ES1 að Fjarðarheiði, yfir lyndmóa og birkitré. Klapparholt sem stungu sér upp úr þéttri gróðurþekjunni settu svip sinn á landslagið. Árstíðabundin litbrigði voru mjög áberandi. Ljósmynd: KÁ.....   | 31 |
| 19. mynd. Myndirnar voru báðar teknar í myndapunkti ES3 og sýna stórt votlent svæði. Á myndinni til vinstri var horft í austurátt og á hægri myndinni var horft í vesturátt. Ljósmynd: KÁ.....  | 31 |
| 20. mynd. Horft í austurátt úr myndapunkti ES5. Lítil tjörn í nálægð við þéttbýlið Egilsstaði. Núverandi vegur yfir Fjarðarheiði sást í fjarska sem og Fardagafoss. Ljósmynd: KÁ. ....  | 32 |
| 21. mynd. Á vinstri myndinni var horft í suðurátt úr myndapunkti ES4 og víðsýni fremur lítil. Á myndinni til hægri var horft í norðurátt úr myndapunkti ES5 en þar var víðsýni svo gott sem engin sökum þéttleika birki-skógarins. Ljósmynd: KÁ. ....   | 32 |
| 22. mynd. Staðsetning myndapunkta viðveglínu í Seyðisfirði. Alls voru 11 myndapunktar við veglínuna.....  | 36 |
| 23. mynd. Horft í vesturátt úr myndapunkti S001 í átt að Gufufossi sem fellur fram af einum af mörgum hraun-hjöllum í firðinum. Ljósmynd: KÁ. ....  | 37 |
| 24. mynd. Horft í suðurátt úr myndapunkti S006. Sjá mátti uppistöðulónið fyrir Bjólfsvirkjun undir bröttum hlíðum fjalla þar sem klettabelti voru áberandi í landslaginu. Ljósmynd: KÁ.....   | 37 |
| 25. mynd. Horft í vesturátt upp fjörðinn úr myndapunkti S005. Þar sást glitta í Gufufoss og aðra fossa í Fjarðará. Selhjallaskógur, raflínur og vegurinn áberandi mannvist. Ljósmynd: KÁ.....   | 38 |
| 26. mynd. Horft í austurátt úr myndapunkti S010 sem var staðsettur á Hagavelli. Þar var víðsýnt út fjörðinn og hæðarmunur í landslaginu mikill líkt og sjá mátti á Strandartindi sem trónir yfir bænum sunnanverðum. Fyrirhuguð veglína mun þvera golfvöllinn. Ljósmynd: KÁ. ....                     | 38 |
| 27. mynd. Horft í suðurátt úr punkti DJI_0427. Myndin til vinstri sýnir landslag eins og það er í dag en myndin til hægri sýnir hvernig hugsanlegar framkvæmdir kæmu til með að líta út, gangamunna við Dalhús og veglínu austan megin við Eyvindará. Ljósmyndir og þrívíddarvinnsla: Mannvit. ....   | 42 |
| 28. mynd. Horft í suðurátt úr punkti DJI_0532. Myndin til vinstri sýnir landslag eins og það er í dag en myndin til hægri sýnir hvernig hugsanlegar framkvæmdir kæmu til með að líta út í landslaginu. Ljósmyndir og þrívíddarvinnsla: Mannvit. ....  | 42 |
| 29. mynd. Horft í norðurátt úr punkti 8500. Myndin til vinstri sýnir landslag eins og það er í dag en myndin til hægri sýnir hvernig hugsanlegar framkvæmdir kæmu til með að líta út í landslaginu. Ljósmyndir og þrívíddarvinnsla: Mannvit. ....   | 43 |
| 30. mynd. Horft í suðurátt úr punkti DJI_0427. Myndin til vinstri sýnir landslag eins og það er í dag en myndin til hægri sýnir hvernig hugsanlegar framkvæmdir kæmu til með að líta út í landslaginu, gangamunninn við Dalhús og brúin yfir Eyvindará. Ljósmyndir og þrívíddarvinnsla: Mannvit. .... | 44 |
| 31. mynd. Horft í norðvesturátt úr punkti 8538, frá gangamunna. Myndin vinstra megin sýnir landslag eins og það er í dag en til hægri má sjá hvernig Miðleið kæmi til með að líta út í landslaginu. Ljósmyndir og þrívíddarvinnsla: Mannvit. ....   | 44 |
| 32. mynd. Horft í norðausturátt úr punkti DJI_0553 þar sem Suðurleið liggur sunnan þéttbýlisins á Egilsstöðum. Ljósmyndir og þrívíddarvinnsla: Mannvit.....   | 45 |

|  |    |
|--|----|
| 33. mynd. Horft í vesturátt úr punkti 8997 frá bænum í Seyðisfirði. Á myndinni hægra megin má sjá hvernig nýr vegur, fyrir miðja mynda, kemur til með að líta út í landslaginu. Ljósmyndir og þrívíddarvinnsla: Mannvit.....       | 45 |
| 34. mynd. Horft í vesturátt úr punkti DJI_0740, þar sem nýr gangamunni er áætlaður. Á myndinni til hægri má sjá hvernig framkvæmdir koma til með að líta út í landslaginu. Ljósmyndir og þrívíddarvinnsla: Mannvit. ....           | 46 |
| 35. mynd. Staðsetning og áttvísun fyrir og eftir mynda/sjónarhorna á Norðurleið. Kort unnið af Mannviti. ....  | 77 |
| 36. mynd. Horft í norðurátt syðst á Norðurlínu þar sem vegurinn frá Reyðarfirði liggur yfir Eyvindará sunnan gangamunna. Númer vísar í staðsetningu og sjónarhorn myndar á 35. mynd. Ljósmyndir og þrívíddarvinnsla: Mannvit. .... | 78 |
| 37. mynd. Horft í suðvesturátt nyrst á Norðurlínu þar sem vegurinn tengist inn á núverandi veg við Nestún. Númer vísar í staðsetningu og sjónarhorn myndar á 35. mynd. Ljósmyndir og þrívíddarvinnsla: Mannvit.....                | 78 |
| 38. mynd. Horft í norðvesturátt vestan við núverandi Seyðisfjarðarveg. Númer vísar í staðsetningu og sjónarhorn myndar á 35. mynd. Ljósmyndir og þrívíddarvinnsla: Mannvit. ....   | 78 |
| 39. mynd. Horft í norðvesturátt yfir fyrirhugaðar vegtengingar vestan við lóð Rarik. Númer vísar í staðsetningu og sjónarhorn myndar á 35. mynd. Ljósmyndir og þrívíddarvinnsla: Mannvit. ....                                     | 79 |
| 40. mynd. Horft í norðurátt vestan við Eyvindará til móts við túnin á Dalhúsum. Númer vísar í staðsetningu og sjónarhorn myndar á 35. mynd. Ljósmyndir og þrívíddarvinnsla: Mannvit. ....  | 79 |
| 41. mynd. Horft í norðvesturátt þar sem Norðurleið mun liggja um Dalhúsa- og Miðhúsaskóg. Númer vísar í staðsetningu og sjónarhorn myndar á 35. mynd. Ljósmyndir og þrívíddarvinnsla: Mannvit. ....                                | 79 |
| 42. mynd. Horft í suðurátt við fyrirhugaðan gangamunna á túnnum við Dalhús. Númer vísar í staðsetningu og sjónarhorn myndar á 35. mynd. Ljósmyndir og þrívíddarvinnsla: Mannvit. ....  | 80 |
| 43. mynd. Staðsetning og áttvísun fyrir og eftir mynda/sjónarhorna á Mið- og Suðurleið. Kort unnið af Mannviti.....  | 81 |
| 44. mynd. Horft í suðausturátt að Hálsenda. Númer vísar í staðsetningu og sjónarhorn myndar á 43. mynd. Ljósmyndir og þrívíddarvinnsla: Mannvit. ....  | 82 |
| 45. mynd. Horft í austurátt við Löngutjörn sunnan iðnaðarhverfisins við Miðás. Númer vísar í staðsetningu og sjónarhorn myndar á 43. mynd. Ljósmyndir og þrívíddarvinnsla: Mannvit. ....   | 82 |
| 46. mynd. Horft í suðausturátt við afleggjara að fyrirhuguðum gangamunna á túnnum við Dalhús. Númer vísar í staðsetningu og sjónarhorn myndar á 43. mynd. Ljósmyndir og þrívíddarvinnsla: Mannvit. ....                            | 82 |
| 47. mynd. Horft í norðurátt þar sem Miðleið fer á brú yfir Eyvindará. Númer vísar í staðsetningu og sjónarhorn myndar á 43. mynd. Ljósmyndir og þrívíddarvinnsla: Mannvit. ....  | 83 |
| 48. mynd. Horft í norðvesturátt þar sem lega Miðleiðar kemur til með að liggja nær Eyvindará en núverandi vegur. Númer vísar í staðsetningu og sjónarhorn myndar á 43. mynd. Ljósmyndir og þrívíddarvinnsla: Mannvit. ....         | 83 |
| 49. mynd. Staðsetning og áttvísun fyrir og eftir mynda/sjónarhorna í veglínu í Seyðisfirði. Kort unnið af Mannviti. ....   | 84 |

|  |    |
|--|----|
| 50. mynd. Horft í vesturátt við Gufufoss. Númer vísar í staðsetningu og sjónarhorn myndar á 49. mynd. Ljósmyndir og þrívíddarvinnsla: Mannvit. ....                      | 84 |
| 51. mynd. Horft í austurátt frá gangamunna. Númer vísar í staðsetningu og sjónarhorn myndar á 49. mynd. Ljósmyndir og þrívíddarvinnsla: Mannvit. ....                    | 85 |
| 52. mynd. Horft í norðausturátt yfir golfvöllin að Seyðisfirði. Númer vísar í staðsetningu og sjónarhorn myndar á 49. mynd. Ljósmyndir og þrívíddarvinnsla: Mannvit..... | 85 |

## Töfluskrá

|  |    |
|--|----|
| Tafla 1. Gátlisti á greiningu grunnástands landslags sem var fylltur út í hverjum myndapunkti (Aðlagað frá Þóru Ellen o.fl., 2010). .....  | 14 |
| Tafla 2. Viðmið við mat á gildi landslags (Ólafur Árnason o.fl., 2010). .....  | 15 |
| Tafla 3. Skilgreiningar á einkunnagjöf fyrir heildarvægi hugsanlegra áhrifa (Ásdís Hlökk Theodórsdóttir o.fl., 2005). .....  | 17 |
| Tafla 4. Samantekt á grunnþáttum landslags á Norðurleið. M.a. byggt á Kristín Ágústsdóttir o.fl. 2021. ....  | 23 |
| Tafla 5. Samantekt á landslagseiginleikum eða landslagsþáttum sem einkenna Norðurleið. ....  | 23 |
| Tafla 6. Samantekt á grunnþáttum landslags á Miðleið. M.a. byggt á Kristín Ágústsdóttir o.fl. 2021. 28   |    |
| Tafla 7. Samantekt á landslagseiginleikum eða landslagsþáttum sem einkenna Miðleið. ....   | 28 |
| Tafla 8. Samantekt á grunnþáttum landslags á Suðurleið. M.a. byggt á Kristín Ágústsdóttir o.fl. 2021. ....   | 33 |
| Tafla 9. Samantekt á landslagseiginleikum eða landslagsþáttum sem stuðla að einkennum Suðurleiðar. ....  | 33 |
| Tafla 10. Samantekt á grunnþáttum landslags í Seyðisfirði. M.a. byggt á Kristín Ágústsdóttir o.fl. 2021. ....  | 39 |
| Tafla 11. Samantekt á landslagseiginleikum eða landslagsþáttum sem stuðla að einkenni Seyðisfjarðar. ....  | 39 |
| Tafla 12. Samantekt áhrifa veglína á landslag og sjónræna þætti með tilliti til verndargildis og vægi áhrifa. Viðmið á verndargildi eru metin lág (1), miðlungs (2) eða há (3) (Viðauki 3). .... | 41 |
| Tafla 13. Niðurstöður á einkunnagjöf fyrir heildarvægi hugsanlegra framkvæmda á öllum veglínunum. ....   | 41 |

# 1. Inngangur

Að beiðni Vegagerðarinnar lagði Náttúrustofa Austurlands mat á landslagseinkenni á áhrifasvæði mögulegra veglína vegna Fjarðarheiðarganga (Helga Aðalgeirsdóttir, 2020). Verkið var unnið sumarið og haustið 2020 samhliða rannsóknum Náttúrustofunnar á lífríki svæðisins og eru niðurstöður þeirra rannsóknar birtar í sér skýrslu (Kristín Ágústsdóttir o.fl., 2021).

Hugtakið landslag er skilgreint í skipulagslögum (nr. 123/2010) og náttúruverndarlögum (nr. 60/2013) og merkir svæði sem fólk skynjar að hafi ákveðin einkenni sem eru tilkomin vegna virkni eða samspils náttúrulegra og mannlegra þátta. Daglegt umhverfi, umhverfi með verndargildi og umhverfi sem hefur verið raskað heyra því öll undir landslag og fellur m.a. þéttbýli, dreifbýli, ósnortin víðerni, ár, vötn og hafsvæði undir landslag. Markmið þessa verkefnis var tvíþætt. Annarsvegar að meta helstu landslagseinkenni fyrirhugaðs framkvæmdasvæðis og verndargildi þess og hins vegar að meta hversu mikil áhrif framkvæmdin geti haft á landslag og sjónræna þætti þess.

## 1.1 Veglínur

Fyrirhugað er að leggja Seyðisfjarðarveg nr. 93 í jarðgöngum undir Fjarðarheiði til að bæta vegsamgöngur við Seyðisfjörð. Héraðsmegin verður gangamunni við gömul tún á Dalhúsum í mynni Eyvindardals en Seyðisfjarðarmegin við Gufufoss neðarlega í Fjarðará. Ein veglína er til skoðunar Seyðisfjarðarmegin, en Héraðsmegin eru settir fram þrjú valkostir veglína: Norðurleið, Miðleið og Suðurleið, sem taka nöfn af legu sinni við þéttbýlið á Egilsstöðum (Helga Aðalgeirsdóttir o.fl. 2020):

**Norðurleið** liggur í átt að Egilsstöðum frá gangamunna við Dalhús, norðan við Eyvindará um Dalhúsaskóg og Miðhúsaskóg vestur fyrir núverandi Seyðisfjarðarveg (nr. 93) að Eyvindarárnesi. Þar þverar hún Eyvindará, fer norðan byggðar á Egilsstöðum og tengist Hringvegi við Melshornsvegamót við Nestún tæplega hálfan km frá afleggjaranum að Egilsstaðaflugvelli. Í átt að Reyðarfirði liggur leiðin frá gangamunna um gömul tún við Dalhús, meðfram Hólum, yfir Eyvindará og inn á núverandi Hringveg um Fagradal. Norðurleið er lengst valkostanna, um 8,7 km í heildina með nýjum Seyðisfjarðarvegi sem liggur frá Hringvegi að gangamunna við Dalhús og er 0,6 km langur (1. mynd1. mynd).


**Miðleið** liggur í átt að Egilsstöðum frá gangamunna við Dalhús suður yfir Eyvindará rétt norðan við Kollumelslæk. Þaðan liggur hún með bökkum Eyvindarár um Egilsstaðaskóg og Hálsenda og sameinast Hringvegi nr. 1 á Fagradalsbraut í nágrenni Heyhrauns og liggur þaðan með núverandi Hringvegi í gegnum þéttbýlið á Egilsstöðum. Í átt að Reyðarfirði liggur vegurinn frá gangamunna á brú yfir Eyvindará, rétt vestan við Hóla og þaðan meðfram bökkum Eyvindarár þar til hún sameinast Hringvegi á Hálsi á Fagradalsbraut. Miðleið er styst valkostanna eða 4,1 km (1. mynd).

**Suðurleið** er ekki valkostur sem getur staðið einn. Suðurleið innifelur Miðleið, en í stað þess að fylgja Hringvegi á Fagradalsbraut sveigir vegurinn til vesturs við Heyhraun, yfir tún og skóglendi sunnan við Innri- og Ytri Krossása, um Flóa og Lambhúsamýri og sameinast Skriðdals- og Breiðdalsvegi nr. 95 við Þórsnesvegamót sunnan byggðar á Egilsstöðum, rétt norðan við Flutningshöfða. Suðurleið er alls 6,8 km (1. mynd).



**Veglínan í Seyðisfirði** er um 2,6 km löng og liggur frá gangamunna við Gufufoss til norðausturs neðan skógræktarsvæðis Seyðfirðinga um hlíðina neðan Bæjarbrúnar um golfvöllinn inn á núverandi veg rétt norðan við Drottingarlæk (1. mynd).

Auk þessara valkosta verður lagður um 1,0 km langur bráðabirgðavegur frá gangamunna við Dalhús meðfram Hólum, suður yfir Eyvindará. Þá verða efnislosunarsvæði við báða gangamunna (1. mynd).



**1. mynd.** Yfirlitskort sem sýnir framlagða valkosti veglína Fjarðarheiðaganga. Héraðsmegin frá gangamunna Fjarðarheiðarganga við gömlu túnin á Dalhúsum. Seyðisfjarðarmegin frá gangamunna Fjarðarheiðarganga við Gufufoss. Innfellda kortið af Seyðisfirði er í sama mælikvarða og kortið Héraðsmegin (ESRI 2020, Samsýn 2018). Suðurleið eins og hún er táknuð á kortinu (fjólublá lína) er aldrei valkostur ein og sér, heldur innifelur hún Miðleið.



## 1.2 Rannsóknasvæði

Seyðisfjarðarvegur liggur, líkt og fram hefur komið, milli Héraðs og Seyðisfjarðar og nær áætlað framkvæmdasvæði yfir nokkuð stórt landsvæði með ólíkum landslagsþáttum. Samkvæmt nýrri skýrslu Skipulagsstofnunar (2020) um Landslagsflokkun á Íslandi tilheyrir landslag Héraðsmegin flokknum Undirlendi og inndalir, og Seyðisfjarðarmegin tilheyrir landslag flokknum Firðir og fjarðarheiðar (Anna Rut Arnardóttir o.fl., 2020).

Héraðsmegin falla landslagsgerðir undir inndali sem eru lágland en fremur gróðursæl landsvæði inn til landsins eða við jaðar hálandis. Byggð er töluverð og landnýting fjölbreytt (Anna Rut Arnardóttir o.fl., 2020). Landslagið er opið láglandi með dölum og heiðum upp af Héraðsflóa með löngum sjónlengdum inn og út eftir dölum en styttri sjónlengdir til hliðanna vegna hæða eða fjalla. Allir fyrirhugaðir valkostir veglína liggja um gróið land, einkum um birkiskóga og -kjarr, nokkuð stór votlend svæði, tún, skógrækt og annað manngert land. Eyvindará fellur í bugðum um láglandi Héraðs og rennur norðan við byggðina á Egilsstöðum áður en hún sameinast loks Lagarfljóti. Sjónræn fjölbreytni er því töluverð í yfirborði lands, gróðri og vatnafari (2. mynd).



**2. mynd.** Horft í vesturátt yfir Egilsstaði, Lagarfljót og Fellabæ. Eyvindará sést til hægri á myndinni. Ljósmynd: SGP.

Mikill hluti þess svæðis sem er til skoðunar Héraðsmegin hefur verið tilnefnt til náttúruverndar með einum eða öðrum hætti í gegnum tíðina. Meginástæður verndar sem tilgreindar hafa verið eru einkum sérstæður gróður og fjölbreytt gróðurfar, ríkulegt fuglalíf, fegurð, jarðfræði og útivistargildi (Umhverfisstofnun, á.á.). Einnig hefur verið lagt til að Egilsstaðaskógur og nærliggjandi skóglendi og Egilsstaðaklettur verði friðlýst vegna þess að þar er að finna búsvæði sjaldgæfra tegunda æðplantna og flétta (Ólafur Einarsson o.fl., 2002; María Harðardóttir o.fl., 2008). Þá hefur Helgi Hallgrímsson (2010) tekið saman skrá um helstu náttúruverðmæti á Fljótsdalshéraði. Þar á meðal er Miðhúsa- og Dalhúsaskógur, Egilsstaðaskógur, Egilsstaðaskógargríðland, Dalhúsahólar og Eyvindardalsgríðland, Eyvindarárgil og Miðhúsaá sem öll falla að einhverju leyti innan mögulegra framkvæmdasvæða. Ekkert þessara svæða hefur þó enn verið friðlýst, en austanverður Eyvindarárdalur, ásamt Miðhúsa- og

Dalhúsaskógi og hluta Egilsstaðaskógar eru á náttúruminjaskrá. Auk þess eru Finnsstaðanes og Egilsstaðanes þar sem fyrirhuguð Norðurleið kæmi niður á núverandi þjóðveg rétt austan við afleggjarann að flugvellinum á náttúruminjaskrá (Umhverfisstofnun, á.á.).

Í Seyðisfirði falla landslagsgerðir undir þrönga jökulsorfna firði, fjalllendi og inndali. Þar er undirlendi oft fremur lítið og upp af fjarðarbotninum ganga brött fjöll (Anna Rut Arnardóttir o.fl., 2020). Landslag í Seyðisfirði er einkennandi fjarðarlandslag með bröttum fjöllum og hjöllum. Fjörðurinn hlykkjast langur og djúpur og er kaupstaðurinn inn í fjarðarbotninum í skjóli frá Bjólfi og Strandartindi (3. mynd). Beinir línur eru áberandi í klettabeltum efst til fjalla og er klettamyndun gegnumgangandi yfir svæðið. Klettarnir brjóta upp mýkt þéttrar gróðurþekju og mynda grófari áferð. Það er lítið um undirlendi og vísýni takmarkað nema út fjörðinn í austurátt. Lækir skriða niður brattar hlíðarnar og í dalverpinu inn af bænum fellur Fjarðará í ótal fossum fram af hjöllum, og fóðrar þ.á.m. Gufufoss sem sést vel frá veginum. Fyrirhuguð veglína liggur að hluta nálægt núverandi vegi en færast upp í hlíðina norðanvert rétt neðan Selhjalla, skógræktarsvæðis Seyðfirðinga. Þar liggur hann áfram um hjalla með lyng- og flagmóa og mosavöxnum holtum yfir Hagavöll, golfvöll Seyðfirðinga, í átt að byggð.



**3. mynd** Horft út Seyðisfjörð í austurátt. Ljósmynd: KÁ.

## 2. Aðferðir og viðmið

Líkt og kom fram í inngangi var um fjórar mögulegar veglínur að ræða og var þeirri skiptingu haldið þegar mat var lagt á landslagsgreiningu og verndargildi landslags þ.e. Norðurleið, Miðleið, Suðurleið og veglína í Seyðisfirði. Matinu var skipt í tvo ferla sem unnust samhliða, þ.e. annars vegar greining á eðlisrænum þáttum landslagsins s.s. landformum, vatnafari, gróðri og búsetu, auk þess var safnað þeim gögnum sem til voru um gildi landslagsins líkt og verndarsvæði og sérstaka hagsmuni sem taka þurfti tillit til.

Aðferðafræðin sem horft var til var samsett úr nokkrum aðferðum með mismunandi áherslum. Að mestu var stuðst við „*Íslenska landslagsverkefnið*“ (Þóra Ellen o.fl., 2010), þar sem gátlisti var fylltur út í hverjum myndapunkti fyrir sig (*Tafla 1*). Myndpunktar voru valdir af handahófi meðfram hverri veglínu með óreglulegu millibili. Þá var hverri breytu gefin einkunn frá 1 (mjög lítið áberandi, dreift, stakt, slétt eða smágert) til 5 (mjög áberandi, hár þéttleiki, hrjúft eða grófmynstrað) en 0 var gefið ef viðkomandi breyta sást ekki í landinu. Því skoruðu myndpunktar hærra eftir því sem fjölbreytileiki í landslagi var metinn meiri. Nokkrar minniháttar breytingar voru gerðar á upprunalega gátlistanum. T.d. var breytan jökull tekin út og breytunum mannvist, jarðefni og stak bætt við. Í viðauka 2 eru nánari lýsingar á breytunum og hvernig þær voru metnar.

**Tafla 1.** Gátlisti á greiningu grunnástands landslags sem var fylltur út í hverjum myndapunkti (Aðlagað frá Þóru Ellen o.fl., 2010).

| BREYTA, EIGINLEIKI         |                   | MÆLIKVARÐI   |               |          |            |            | Mjög ríkjandi 5    |
|----------------------------|-------------------|--------------|---------------|----------|------------|------------|--------------------|
|                            |                   | Á ekki við 0 | Mjög lítið 1  | 2        | Miðlungs 3 | 4          |                    |
| Grunnlögun landsins        |                   |              | íhvolf (∩)    |          | flöt       |            | ávöl (∪)           |
| Víðsýni eða dýpt landslags |                   |              | ≤ 3 km        | 3-10 km  | 11-20 km   | 21-40 km   | > 40 km            |
| Breytileiki í hæð          |                   |              | 0-100m        | 101-300m | 301-600m   | 601-1000 m | 1000+m             |
| Form í landi               | Beinar línur      | sjást ekki   |               |          |            |            | mj. áberandi       |
|                            | Ávalar línur/form | sjást ekki   |               |          |            |            | mj. áberandi       |
|                            | Hvöss form        | sjást ekki   |               |          |            |            | mj. áberandi       |
|                            | Bugður, svigður   | sjást ekki   |               |          |            |            | mj. áberandi       |
|                            | Fjölbreytni forma |              |               |          |            |            |                    |
| Endurtekin form            |                   |              |               |          |            |            |                    |
| Gróður                     | Þekja             | lítil (≤ 1%) | 1-5%          | 6-25%    | 25-50%     | 50-75%     | samfelld (75-100%) |
|                            | Fjölbreytni       |              |               |          |            |            |                    |
| Litauðgi                   |                   |              |               |          |            |            |                    |
| Mynstur                    | Blettastærð       |              | gróf          |          |            |            | smágerð            |
|                            | Fjölbreytni       |              | lítil         |          |            |            | mikil              |
| Áferð                      | Fjölbreytni       |              | lítil         |          |            |            | mikil              |
|                            | Hrjúf áferð       |              | lítt áberandi |          |            |            | mjög hrjúft        |
|                            | Slétt áferð       |              | lítt áberandi |          |            |            | rennislétt         |
| Vatn                       | Þekja             |              |               |          |            |            |                    |
|                            | Straumur          |              | stöðuvatn     |          |            |            | sterkur, foss      |
|                            | Birtingarform     |              | aðeins 1 form |          |            |            | mörg ólík          |
| Sjór                       | Þekja             |              |               |          |            |            |                    |
| Snjór                      |                   |              |               |          |            |            |                    |
| Heildarfjölbreytni         |                   |              |               |          |            |            |                    |
| Mannvist                   |                   |              |               |          |            |            |                    |
| Jarðefni                   |                   |              |               |          |            |            |                    |
| Stak                       |                   |              |               |          |            |            |                    |



Í framhaldi af greiningu á landslagsþáttum og eiginleikum hvers svæðis fyrir sig var landslaginu gefið gildi út frá **fjölbreytileika**, **heildstæði** og **mikilfengleika**, þar sem hverri veglínu var gefið hátt, miðlungs eða lágt gildi. Viðmið sem notuð voru við greiningu á gildi landslags má finna í viðauka 3.

Við mat á hugsanlegum áhrifum var stuðst við skýrslu Eflu verkfræðistofu, „*aðferðir við mat á áhrifum framkvæmda á landslag og sjónræna þætti*“ (Ólafur Árnason o.fl., 2010), þar sem umfang mannvirkis, áhrif á landslag og sjónræn áhrif voru metin í þrjá flokka: óveruleg, miðlungs og veruleg (Tafla 2). Þá var stuðst við veglínur, loftmyndir og tölvugerðar þrívíddarmyndir sem unnar voru af Mannviti við mat á hugsanlegum áhrifum og tekið tillit til heildarmyndar allra landslagsþátta. Frekari lýsingar á viðmiðum sem notast var við mat á hugsanlegum áhrifum á umfang mannvirkis, áhrif á landslag og sjónræn áhrif má sjá í viðauka 3.

**Tafla 2.** Viðmið við mat á gildi landslags (Ólafur Árnason o.fl., 2010).

| Lítið / óverulegt  | Miðlungs   | Mikið   |
|--|--|---|
| <ul style="list-style-type: none"> <li>Mannvirki og jarðrask getur verið áberandi á svæðinu.</li> <li>Fjölbreytileiki landslagsþátta eða landslagsheildar gefa svæðinu ekki gildi.</li> <li>Svæðið hefur ekki verndargildi vegna landslags eða annarra þátta.</li> </ul> | <ul style="list-style-type: none"> <li>Neikvæð áhrif vegna mannvirkja og jarðrasks eru ekki áberandi á svæðinu.</li> <li>Fjölbreytileiki landslagsþátta eða landslagsheildar gefa svæðinu ekki gildi.</li> <li>Svæðið getur haft verndargildi:</li> <li>Verið skráð sem önnur svæði á náttúruminjaskrá.</li> </ul> | <ul style="list-style-type: none"> <li>Svæði er ósnert. Fyrri ummerki mannvirkja og jarðrasks eru ekki á svæðinu.</li> <li>Fjölbreytileiki landslagsþátta (litir/línur/form/áferð) eða óskertar landslagsheildir gefa svæðinu sterkan svip.</li> <li>Svæðið hefur verndargildi vegna landslags:</li> <li>Svæðið er friðlýst vegna landslags.</li> <li>Núverandi mannvirki eða landslag á svæðinu hafa sérstakt menningarsögulegt gildi.</li> <li>Svæðið hefur verið skráð á náttúruminjaskrá eða náttúruverndaráætlun.</li> </ul> |

Samhliða greiningu á landslagsþáttum og eiginleikum hvernar veglínu var lagt mat á verndargildi og viðkvæmni landslagsins. Leitað var eftir því í heimildum hvort svæðið teldist til verðmætra svæða þ.e. friðlýst svæði, svæði á Náttúruminjaskrá þar sem m.a. eru tiltekin þau svæði sem hafa verið friðuð, eða ástæða þykir til að varðveita vegna sérstaks landslags eða lífríkis, eða svæði sem njóta séstakrar verndar samkvæmt 61. gr. náttúruverndarlaga (Lög um náttúruvernd nr. 60/2013). Einnig er Ísland aðili að ýmsum alþjóðlegum samþykktum sem þarf að uppfylla, t.d. samningi um líffræðilega fjölbreytni sem gerður var í Rio de Janeiro 1992 (Umhverfis og auðlindaráðuneytið, á.á.a) og Bernarsamningi sem fjallar um verndun villtra plantna og dýra og lífsvæða í Evrópu (Umhverfis og auðlindaráðuneytið, á.á.b). Þá síðast skrifaði Ísland undir Evrópska landslagssáttmálann (2020), en samningnum er m.a. ætlað að stuðla að verndun, stýringu og skipulagi landslags.

Að lokum var stuðst við leiðbeiningarit Skipulagsstofnunar, „*flokkun umhverfisþátta, viðmið, einkenni og vægi umhverfisáhrifa*“ (2005), við niðurstöður á heildarvægi áhrifa á landslag og sjónræna þætti þess. Niðurstaða á heildarvægi var gefin með vægiseinkunn, sem skilgreind er á átta punkta skala, frá verulega jákvæðum áhrifum til verulega neikvæðra áhrifa (Tafla 3). Vægi áhrifa og vægiseinkunn er ávallt matskennd jafnvel þótt fyrir liggi skýr viðmið í lögum og reglugerðum eða alþjóðasamningum. Almennt má segja að vægi áhrifa fari eftir eðli, gerð, umfangi, tíðni og tímalengd umhverfisáhrifa, hverjar séu líkur á áhrifum og hvort þau séu óafturkræf að teknu tilliti til viðkvæmni fyrirhugaðs framkvæmda- og áhrifasvæðis (Ásdís Hlökk Theodórsdóttir o.fl., 2005).

Jafnframt var horft til annarra verkefna sem hafa verið unnin á sviði landslagsrannsókna og landslagsgreininga á Íslandi (t.d. Hulda Birna Albertsdóttir, 2016, 2019; Kristjana Einarsdóttir og Sóley Valdimarsdóttir, 2011; Anna Rut Arnardóttir o.fl., 2020; Ólafur Árnason, 2005).

**Tafla 3.** Skilgreiningar á einkunnagjöf fyrir heildarvægi hugsanlegra áhrifa (Ásdís Hlökk Theodórsdóttir o.fl., 2005).


| Vægi             | Skýring  |
|------------------|--|
| Verulega jákvæð  | <ul style="list-style-type: none"> <li>❖ Áhrif framkvæmdar eða áætlunar á umhverfisþátt/-þætti bæta hag mikils fjölda fólks og/eða hafa jákvæð áhrif á umfangsmikið svæði.</li> <li>❖ Sú breyting eða ávinningur sem hlýst af framkvæmdinni/áætluninni er oftast varanleg.</li> <li>❖ Áhrifin eru oftast á svæðis-, lands- og/eða heimsvísu en geta einnig verið staðbundin.</li> <li>❖ Áhrifin samræmast ákvæðum laga og reglugerða, almennri stefnumörkun stjórnvalda og/eða alþjóðasamningum sem Ísland er aðili að.</li> </ul>   |
| Talsverð jákvæð  | <ul style="list-style-type: none"> <li>❖ Áhrif framkvæmdar eða áætlunar á umhverfisþátt/-þætti taka ekki til umfangsmikils svæðis, en svæðið kann að vera viðkvæmt fyrir breytingum, m.a. vegna náttúrufars og fornminja.</li> <li>❖ Áhrifin geta verið jákvæð fyrir svæðið og/eða geta verið jákvæð fyrir fjölda fólks.</li> <li>❖ Áhrifin geta verið varanleg og í sumum tilfellum afturkræf.</li> <li>❖ Áhrif geta verið staðbundin, svæðisbundin og/eða á landsvísu.</li> <li>❖ Áhrifin samræmast ákvæðum laga og reglugerða, almennri stefnumörkun stjórnvalda og/eða alþjóðasamningum sem Ísland er aðili að.</li> </ul>                                   |
| Nokkuð jákvæð    | <ul style="list-style-type: none"> <li>❖ Áhrif framkvæmdar á umhverfisþátt eru minni háttar, með tilliti til umfangs svæðis og viðkvæmni þess fyrir breytingum ásamt fjölda fólks sem verður fyrir áhrifum.</li> <li>❖ Áhrifin eru í mörgum tilfellum tímabundin.</li> <li>❖ Áhrifin eru oftast staðbundin eða svæðisbundin.</li> <li>❖ Áhrifin samræmast ákvæðum laga og reglugerða, almennri stefnumörkun stjórnvalda og/eða alþjóðasamningum sem Ísland er aðili að.</li> </ul>   |
| Óveruleg / engin | <ul style="list-style-type: none"> <li>❖ Áhrif framkvæmdar á umhverfisþátt eru lítil sem engin og taka til lítils afmarkaðs svæðis.</li> <li>❖ Verndargildi umhverfisþátta er óverulegt.</li> <li>❖ Áhrif á fólk eru óveruleg.</li> <li>❖ Áhrif staðbundin og yfirleitt afturkræf.</li> <li>❖ Áhrif framkvæmdar á umhverfisþátt eru engin á skilgreindu áhrifasvæði.</li> <li>❖ Áhrifin samræmast ákvæðum laga og reglugerða, almennri stefnumörkun stjórnvalda og/eða alþjóðasamningum sem Ísland er aðili að.</li> </ul>   |
| Nokkuð neikvæð   | <ul style="list-style-type: none"> <li>❖ Áhrif framkvæmdar á umhverfisþátt eru minni háttar með tilliti til umfangs svæðis og viðkvæmni þess fyrir breytingum ásamt fjölda fólks sem verður fyrir áhrifum.</li> <li>❖ Áhrifin eru í mörgum tilfellum tímabundin og að mestu afturkræf.</li> <li>❖ Áhrifin eru oftast staðbundin eða svæðisbundin.</li> <li>❖ Áhrif geta að einhverju leyti verið í ósamræmi við ákvæði laga og reglugerða, almenna stefnumörkun stjórnvalda og/eða alþjóðasamninga sem Ísland er aðili að.</li> </ul>  |
| Talsverð neikvæð | <ul style="list-style-type: none"> <li>❖ Áhrif framkvæmdar eða áætlunar á umhverfisþátt/-þætti taka ekki til umfangsmikils svæðis, en svæðið kann að vera viðkvæmt fyrir breytingum, m.a. vegna náttúrufars og fornminja.</li> <li>❖ Áhrifin geta verið neikvæð fyrir svæðið og/eða geta valdið fjölda fólks ónæði eða óþægindum.</li> <li>❖ Áhrifin geta verið varanleg og í sumum tilfellum óafturkræf.</li> <li>❖ Áhrif geta verið stað-, svæðisbundin og/eða á landsvísu.</li> <li>❖ Áhrifin geta að einhverju leyti verið í ósamræmi við ákvæði laga og reglugerða, almenna stefnumörkun stjórnvalda eða alþjóðasamninga sem Ísland er aðili að.</li> </ul> |
| Verulega neikvæð | <ul style="list-style-type: none"> <li>❖ Áhrif framkvæmdar eða áætlunar á umhverfisþátt/-þætti skerða umfangsmikið svæði og/eða svæði sem er viðkvæmt fyrir breytingum, m.a. vegna náttúrufars og fornminja, og/eða rýra hag mikils fjölda fólks.</li> <li>❖ Sú breyting eða tjón sem hlýst af framkvæmdinni er oftast varanleg og yfirleitt óafturkræf.</li> <li>❖ Áhrif eru oftast á svæðis-, lands- og/eða heimsvísu en geta einnig verið staðbundin.</li> <li>❖ Áhrifin eru í ósamræmi við ákvæði laga og reglugerða, almenna stefnumörkun stjórnvalda eða alþjóðasamninga sem Ísland er aðili að.</li> </ul>  |
| Óvissa           | <ul style="list-style-type: none"> <li>❖ Ekki er vitað um eðli eða umfang umhverfisáhrifa á tiltekna umhverfisþætti, m.a. vegna skorts á upplýsingum, tæknilegra annmarka eða skorts á þekkingu. Það getur verið unnt að afla upplýsinga um áhrifin með frekari rannsóknum eða markvissri vöktun.</li> </ul>   |

Dagana 23., 25., 28. og 29. september 2020 fór Kristín Ágústsdóttir í vettvangsferðir þar sem teknar voru ljósmyndir af núverandi og fyrirhuguðu vegstæði og því landslagi sem mögulega kæmi til með að raskast við framkvæmdina. Auk þeirra myndapunkta sem voru valdir af handahófi meðfram hverri veglínu var nokkrum punktum bætt við handvirkt á stöðum þar sem talin var ástæða til. T.d. þar sem fyrirhugað er að brúa Eyvindará og á mörkum opins og lokaðs landslags, t.d. þar sem tún og skógur mættust á Suðurleið (5. mynd 10. mynd, 15. mynd og 22. mynd). Fjórar ljósmyndir voru teknar á hverjum myndpunkti í fjórar áttir, um það bil í N-, S-, A- og V-átt, en þó aðeins háð legu vegar hverju sinni. Þannig voru teknar myndir í báðar áttir eftir vegi þar sem staðið var og svo hornrétt til vinstri og hægri í hverjum myndpunkti. Greindir voru grunnþættir landslags og gátlistinn fylltur út í hverjum punkti (*Tafla 1*), þar sem heildaryfirbragði og megin þekju landslagsins var lýst, svo sem landformum, vatnafari, gróðri, legu landsins, útsýni og eðli svæðisins. Auk þess voru sérstök fyrirbæri eða stök, jarðefni og mannvistir skráð. Einkunnagjöfin á gátlistanum var endurtekin með hjálp ljósmyndanna þar sem farið var í gegnum öll svæðin og ljósmyndir skoðaðar aftur því betur sjá augu en auga. Útfyllta gátlista má sjá í viðauka 1.

Áhrifasvæði fyrirhugaðra veglína var skilgreint sem það svæði þar sem vegamannvirki sjást frá og/eða svæði þar sem landslag kemur til með að breytast vegna framkvæmda. Við afmörkun áhrifasvæðis er gert ráð fyrir að mannvirki geti valdið sjónrænum áhrifum á 5 km svæði umhverfis veglínur og bráðabirgðaveg, ásamt jaðarsvæði umhverfis efnislosunarsvæði (4. mynd) (Helga Aðalgeirsdóttir o.fl. 2020). Utan svæðisins geta mannvirki enn verið sýnileg en eru ekki talin geta valdið verulegum neikvæðum áhrifum.

Verkfræðistofan Mannvit vann ljósmyndir sem sýndu legu nýrra vega í landslagi og breytingar fyrir og eftir lagningu vega. Gerð er grein fyrir þeim niðurstöðum í 5. kafla um samanburð á milli leiða og í viðauka 4.





4. mynd. Skilgreint áhrifasvæði landslags fyrir allar veglínur er 5 km breitt svæði frá miðlínu vega, bráðabirgðavegar og efnislosunarsvæðis.




### 3. Niðurstöður - Greining svæða

#### 3.1 Norðurleið

*Grunngreining landslags:* Mjög mikil gróðurþekja og þéttur gamall birkiskógur einkenndi svæðið. Þá fundust stór votlend svæði, með fjölbreyttum votlendisvistgerðum innan veglínunnar. Eyvindará liðaðist áfram, ýmist í nágrenni fyrirhugaðs framkvæmdasvæðis eða í gegnum svæðið og minna grónir malarhaugar skáru sig úr umhverfinu meðfram ánni. Í Eyvindarárdal var mikill þéttleiki fugla og fjölbreytilegt fuglalíf, enda kjarr-, lyng- og blómskógavistir mikilvæg búsvæði þeirra (Kristín Ágústsdóttir o.fl. 2021). Almennt voru sjónlínur langar til norðurs og suðurs og víða sást í fjöllin á Fagradal, Skagafell og Hött. Svæðið var mishæðótt og útsýnið því misjafnt eftir staðsetningu. Sumir myndapunktanna voru einnig staðsettir inn í þéttum birkiskóginum og útsýni þar því mjög lítið. Vegslóði og raflína voru víða sjáanleg í landslagi og röskuðu annars hinu náttúrulega umhverfi á suðurhluta veglínunnar. Norðar á veglínunni var fyrirhugað vegstæði t.a.m. í um 28 m fjarlægð frá sumarbústað og rúmlega 100 m fjarlægð frá spennivirki Landsnets, ásamt því sem töluvert var af ræktuðu skóglendi við norðurhluta Norðurleiðar.

Tafla 4 gerir grein fyrir helstu landslagsþáttum svæðisins og Tafla 5 tekur saman landslagseiginleika.



5. mynd. Staðsetning myndpunkta á Norðurleið.





**6. mynd.** Horft í suðurátt eftir vegslóða og yfir þéttan birkiskóg. Fjöllin á Fagradal í baksýn. Myndin var tekin í myndapunkti 24N. Ljósmynd: KÁ.



**7. mynd.** Horft í vesturátt í myndapunkti 28N. Smágerð blettastærð gaf landinu sjónræna fjölbreytni og mikil árstíðabundin litbrigði í gróðrinum. Töluvert manngert land. Ljósmynd: KÁ.





**8. mynd.** Horft í vesturátt frá norðurhluta veglínunnar nær byggð. Raflínan blasti við þar sem hún stendur ofan á malarhaug og síðan mátti sjá vatnstank og íbúðarhús upp á hæðinni. Í fjarska sáust hraunhjallar. Myndin var tekin í myndapunkti 27N. Ljósmynd: KÁ.



**9. mynd.** Horft í austurátt norðarlega á veglínunni í myndapunkti EN2. Víðsýni var töluverð og sást vel í Gagnheiði og Fjarðarheiði í fjarska. Manngert land varð meira áberandi norðar á veglínunni en þar mátti sjá ræktaðan skóg, vegslóða og girðingu sem dæmi. Gróðurlausir malarhaugar, til hægri á myndinni, skáru sig úr annars mikið grónu landi.

**Tafla 4.** Samantekt á grunnþáttum landslags á Norðurleið. M.a. byggt á Kristín Ágústsdóttir o.fl. 2021.

|                          |  |
|--------------------------|--|
| <b>Helstu kennileiti</b> | <ul style="list-style-type: none"> <li>• Fagridalur</li> <li>• Skagafell</li> <li>• Eyvindará</li> <li>• Dalhús</li> </ul>   |
| <b>Jarðefni</b>          | <ul style="list-style-type: none"> <li>• Árset – mól og stórgrýti</li> <li>• Hjallar</li> <li>• Klappir</li> <li>• Melar upp úr gróðrinum</li> <li>• Hlíðar</li> <li>• Hraunlög</li> </ul>   |
| <b>Gróðurfar</b>         | <ul style="list-style-type: none"> <li>• Samfelld gróðurþekja á öllu svæðinu (75-100%). Gróskumikill gamall birkiskógur.</li> <li>• 24 vistgerðir eru á Norðurleið og mjög stór votlend svæði á skilgreindu áhrifasvæði (17,8 ha).</li> <li>• 137 tegundir æðplantna og 15 sjaldgæfar fléttutegundir eru skráðar innan áhrifasvæðis.</li> </ul>  |
| <b>Mannvist</b>          | <ul style="list-style-type: none"> <li>• Raflínur og línuvegur helsta mannvistin á allri leiðinni.</li> <li>• Sveitabær með tilheyrandi umhverfi.</li> <li>• Eftir því sem nálægð við byggð eykst má sjá ræktaðan skóg, girðingu, hús, tipp, göngubrú o.fl. sem fylgir byggðu landi.</li> </ul>  |
| <b>Útsýni</b>            | <ul style="list-style-type: none"> <li>• Víðsýnt til suðurs og fjöllin á Fagradal sjást í fjarska. Horft yfir gróskumikinn birkiskóg og -kjarr.</li> <li>• Víða víðsýnt í norðurátt. Gróskumikill birkiskógur og -kjarr ríkjandi.</li> <li>• Minna víðsýni til austurs og vesturs sunnar á veglínunni, fjær byggð. Grónar hlíðar og þéttur birkiskógur. Sést í stöku malarhaug.</li> <li>• Norðar á veglínunni, nær byggð verður víðsýni meiri í austur- og vesturátt og sést þá í fjöll í fjarska.</li> </ul> |

**Tafla 5.** Samantekt á landslagseiginleikum eða landslagsþáttum sem einkenna Norðurleið.

|  |   |
|--|---|
| <b>Form</b>                              | Að mestu mjúk form, bugður /svigður við Eyvindará og lækir í hlíðunum. Hvöss form lítið áberandi.   |
| <b>Línur</b>                             | Ávalar línur í forgrunni og minna um beinar línur.  |
| <b>Áferð</b>                             | Hrjúf áferð skóglendis áberandi. Slétt áferð minna áberandi.  |
| <b>Mynstur</b>                           | Blettastærð tiltölulega smágerð. Vatn, fjölbreyttur gróður, malarhaugar, hraun.   |
| <b>Litbrigði</b>                         | Mjög mikið litbrigði. Árstíðabundin litbrigði gróðurs.  |
| <b>Sjóndeildarhringur og lögun lands</b> | Tiltölulega opinn sjóndeildarhringur í suður- og norðurátt. Sjóndeildarhringurinn er þrengri í austur- og vesturátt en víkkar norðar á veglínunni, nær byggð. |

### *Verndargildi:*

Nýr vegur mun fara að hluta um svæði nr. 611 á náttúruminjaskrá, austanverðan Eyvindarárdal og Eyvindarárgil (Umhverfisstofnun, á.á.). Þá var gangamunni Héraðsmegin staðsettur við Dalhús í Eyvindardalsgriðlandi sem hefur miðlungs verndargildi samkvæmt náttúrumæraskrá Helga Hallgrímssonar (2010). Miðhúsa- og Dalhúsaskógur heyra einnig undir Eyvindardalsgriðland sem og Miðhúsaá, en Norðurleið lá að einhverju leiti innan þessara svæða.


Við vesturenda Norðurleiðar fór veglínan að hluta um svæði nr. 647 á náttúruminjaskrá, Finnsstaðanes og Egilsstaðanes, sem er votlendi með ríkulegum gróðri, tjörnum, kvíslum og gróðurrikum hólum og því mikilvægt búsvæði fugla, einkum gæsa og álfta (Umhverfisstofnun, á.á.). Þá hafa fimm fléttutegundir á valista verið skráðar á áhrifasvæði veglína og í næsta nágrenni (Náttúrufræðistofnun Íslands, 2020). Votlendi >2 ha voru innan Norðurleiðar en þau njóta sérstakrar verndar samkvæmt lögum nr. 60/2013. Framkvæmdirnar kæmu til með að valda raski á vistfræðilega mikilvægum og gömlum birkiskógi sem nýtur verndar í lögum nr. 60/2013. Ítarlegri umfjöllun um verndargildi lífríkis má sjá í skýrslu Náttúrustofu Austurlands (Kristín Ágústsdóttir o.fl., 2021).



### 3.2 Miðleið

*Grunngreining landslags:* Samfelld gróðurþekja með þéttum og gömlum birkiskógi var einkennandi fyrir Miðleið. Klettur brutust upp úr þéttum skóginum meðfram Eyvindará og mynduðu formfögur gil í ánni. Á stöku stað opnaðist þéttur birkiskógurinn og sást þá í mýrabletti, graslendi eða lyngmóa þar sem kræki- og bláberjalyng voru gjarnan áberandi. Í skorningum þar sem vatns gætti sást einnig í mela upp úr gróðrinum. Almennt voru sjónlínur langar til suðurs og norðurs og þá sást glitta í fjölliná Fagradal í fjarska. Í þó nokkrum myndapunktum var víðsýni lítil sem engin vegna mikils þéttleika skógar (14. mynd). Mangert land var ekki mjög áberandi á suðurhluta veglínunnar, en varð meira áberandi norðar á veglínunni, nær byggð, þar sem sjá mátti í núverandi veg, raflínur og tún.

Tafla 6 gerir grein fyrir helstu landslagsþáttum svæðisins og Tafla 7 tekur saman landslagseiginleika.



**10. mynd.** Staðsetning myndapunkta á Miðleið eru sýndir með hvítum lit og staðsetning myndpunkta á bráðabirgðaveginum sem er hluti af Miðleið eru sýndir með bláum lit..





**11. mynd.** Horft í suðurátt úr myndapunkti 50N yfir hugsanlega staðsetningu brúarstæðis yfir Eyvindará. Ljósmynd: KÁ.



**12. mynd.** Horft í austurátt úr myndapunkti EH6. Þéttleiki skógar var mikill en inn á milli birkitrjáa sást glitta í mýrarbletti, graslendi og mela. Lækir liðuðust niður hliðarnar og mynduðu bugður eða svigður í landslaginu. Ljósmynd: KÁ.





**13. Mynd.** Horft í austurátt úr myndapunkti EH1 þar sem tún og birkiskógur voru í forgrunni en sjá mátti núverandi veg yfir Fjarðarheiði í bakgrunni. Mannvirki voru meira áberandi norðar á veglínunni. Ljósmynd: KÁ.



**14. mynd.** Þéttleiki birkiskógar á Miðleið var mikill líkt og sjá mátti í myndapunkti EH2. Þar sást glitta í lyngmóa inná milli birkitrjáa og er bláberjalyng í haustlitunum áberandi í landslaginu. Ljósmynd: KÁ.

**Tafla 6.** Samantekt á grunnþáttum landslags á Miðleið. M.a. byggt á Kristín Ágústsdóttir o.fl. 2021.

|                          |   |
|--------------------------|---|
| <b>Helstu kennileiti</b> | <ul style="list-style-type: none"> <li>• Egilsstaðaskógur</li> <li>• Eyvindará</li> <li>• Malarhaugar</li> <li>• Eyvindarárgil</li> </ul>   |
| <b>Jarðefni</b>          | <ul style="list-style-type: none"> <li>• Áreyrar – mól og stórgrýti</li> <li>• Melar upp úr gróðrinum (Jökulruðningur og setlagahjallar)</li> <li>• Hlíðar</li> <li>• Klettur</li> </ul>  |
| <b>Gróðurfar</b>         | <ul style="list-style-type: none"> <li>• Samfelld gróðurþekja á öllu svæðinu (75-100%). Gróskumikill gamall birkiskógur.</li> <li>• 17 vistgerðir skráðar og votlend svæði þekja um 5 ha. Sjaldgæfar fléttutegundir, þar af 5 á valista og 111 tegundir æðplantna fundust innan áhrifasvæðis veglínunnar.</li> </ul>  |
| <b>Mannvist</b>          | <ul style="list-style-type: none"> <li>• Rafínur og vegurinn helsta mannvistin á allri leiðinni.</li> <li>• Girðingar og tún.</li> </ul>  |
| <b>Útsýni</b>            | <ul style="list-style-type: none"> <li>• Nokkuð flatlent nyrst á veglínunni.</li> <li>• Á suðurhluta veglínunnar er víðast hvar lítið útsýni til austurs og vesturs vegna þéttleika skógar og fjallshlíða.</li> <li>• Norðar á veglínunni sést aftur á móti í Fjarðarheiði í austurátt.</li> <li>• Í suðurátt hækkar land en sést í Skagafell í fjarska.</li> </ul> |

**Tafla 7.** Samantekt á landslagseiginleikum eða landslagsþáttum sem einkenna Miðleið.

|  |  |
|--|--|
| <b>Form</b>                              | Mjúk, ávöl form mjög algeng, þá helst bugður og svingður. Hvöss form minna áberandi en sjást þó í návist Eyvindarár.                           |
| <b>Línur</b>                             | Ávalar línur mjög áberandi, en beinar línur minna áberandi.  |
| <b>Áferð</b>                             | Hrjúf áferð birkiskógar og -kjarrs mjög áberandi.  |
| <b>Mynstur</b>                           | Blettastærð var í meðallagi fjölbreytt og fór úr því að vera mjög smágerð yfir í frekar grófa blettastærð.                                     |
| <b>Litbrigði</b>                         | Mjög mikil árstíðabundin litbrigði gróðurs.  |
| <b>Sjóndeildarhringur og lögun lands</b> | Sjóndeildarhringurinn er frekar takmarkaður af þéttleika birkiskógarins og landlag er frekar aflokað til austurs og vesturs vegna fjallshlíða. |

#### Verndargildi:


Nýr vegur mun fara að hluta um svæði nr. 611 á náttúruminjaskrá, austanverðan Eyvindarárdal og Eyvindarárgil (Umhverfisstofnun, á.á.). Þá var gangamunni Héraðsmegin staðsettur við Dalhús í Eyvindardalsgriðlandi sem hefur miðlungs verndargildi samkvæmt náttúrumæskrá Helga Hallgrímssonar (2010). Fimm fléttutegundir á valista hafa verið skráðar á áhrifasvæði veglína og í næsta nágrenni og vegna þeirra hefur verið lagt til að Egilsstaðaskógur, nærliggjandi skóglendi og Egilsstaðaklettur verði friðlýst (María Harðardóttir o.fl., 2008; Náttúrufræðistofnun Íslands, 2020). Þá kæmu framkvæmdirnar til með að valda raski á vistfræðilega mikilvægum og gömlum birkiskógi sem nýtur verndar í lögum nr. 60/2013. Ítarlegri umfjöllun um verndargildi lífríkis má sjá í skýrslu Náttúrustofu Austurlands (Kristín Ágústsdóttir o.fl., 2021).



### 3.3 Suðurleið

*Grunngreining landslags:* Lyngmói með kræki- og bláberjalyngi, og votlendi voru áberandi þar sem þéttur birkiskógurinn opnast. Votlendi voru ekki víða en þar sem þau sáust voru það gjarnan nokkuð stór svæði, s.s. Lambhúsamýri og Flói. Þá sáust klappir/hvalbök og malarhauga stinga sér upp úr gróðrinum og setja svip sinn á landslagið vestar á veglínunni, nær Lagarfljóti. Ef horft var í vesturátt yfir Lagarfljót mátti víða sjá hjalla í landslaginu. Almennt var meira víðsýni nær þéttbýlinu á Egilsstöðum þar sem sjá mátti til Lagarfljóts í vesturátt og Gagnheiði og Fjarðarheiði í austurátt. Þar sem Suðurleið mætir Miðleið var þéttleiki birkiskógar mjög mikill og víðsýni svo gott sem engin í myndapunktum. Manngert umhverfi var einnig sýnilegra nær Egilsstöðum, þar sem greinilega mátti sjá skógrækt, sveitabæi með tilheyrandi umhverfi og byggðina sjálfa.

Tafla 8 gerir grein fyrir helstu landslagsþáttum svæðisins og Tafla 9 tekur saman landslagseiginleika



15. mynd. Staðsetning myndapunkta á Suðurleið. Suðurleið er leið sem stendur ekki ein og sér og er Miðleið alltaf hluti af leiðinni, ásamt bráðabirgðaveginum.





**16. mynd.** Horft í suðurátt yfir fyrirhugað bráðabirgðabrárustæði sem var hluti af Mið- og Suðurleið. Sjá mátti núverandi slóða vestan megin við ána. Ljósmynd: KÁ.



**17. mynd.** Horft í vesturátt úr myndapunkti ES1 þar sem birki og lyngmói voru mest áberandi. Þá sást í Lagarfljót, hjalla vestan fljótsins og ræktaðan skóg. Ljósmynd: KÁ.





**18. mynd.** Horft í austurátt úr myndapunkti ES1 að Fjarðarheiði, yfir lyndmóa og birkitré. Klapparholt sem stungu sér upp úr þéttri gróðurþekjunni settu svip sinn á landslagið. Árstíðabundin litbrigði voru mjög áberandi. Ljósmynd: KÁ.



**19. mynd.** Myndirnar voru báðar teknar í myndapunkti ES3 og sýna stórt votlent svæði. Á myndinni til vinstri var horft í austurátt og á hægri myndinni var horft í vesturátt. Ljósmynd: KÁ.





**20. mynd.** Horft í austurátt úr myndapunkti ES5. Lítil tjörn í nálægð við þéttbýlið Egilsstaði. Núverandi vegur yfir Fjarðarheiði sást í fjarska sem og Fardagafoss. Ljósmynd: KÁ.



**21. mynd.** Á vinstri myndinni var horft í suðurátt úr myndapunkti ES4 og víðsýni fremur lítil. Á myndinni til hægri var horft í norðurátt úr myndapunkti ES5 en þar var víðsýni svo gott sem engin sökum þéttleika birki-skógarins. Ljósmynd: KÁ.

**Tafla 8.** Samantekt á grunnþáttum landslags á Suðurleið. M.a. byggt á Kristín Ágústsdóttir o.fl. 2021.

|                          |  |
|--------------------------|--|
| <b>Helstu kennileiti</b> | <ul style="list-style-type: none"> <li>• Fardagafoss</li> <li>• Fjarðarheiði</li> <li>• Egilsstaðaskógur</li> <li>• Lagarfljót</li> </ul>  |
| <b>Jarðefni</b>          | <ul style="list-style-type: none"> <li>• Hjallar</li> <li>• Klappir</li> <li>• Melar upp úr gróðrinum</li> <li>• Hlíðar</li> <li>• Hraunlög</li> </ul>   |
| <b>Gróðurfar</b>         | <ul style="list-style-type: none"> <li>• Samfelld gróðurþekja á öllu svæðinu (75-100%). Gróskumikill gamall birkiskógur.</li> <li>• 21 vistgerð, þar af 4 með mjög hátt verndargildi og 6 með hátt verndargildi.</li> <li>• Stór votlend svæði, &gt;2 ha sem njóta sérstakrar verndar skv. lögum nr. 60/2013.</li> <li>• 100 tegundir æðplantna, þ.á.m. Blæösp sem er á valista.</li> <li>• 15 sjaldgæfar fléttutegundir, þar af 5 á valista.</li> </ul> |
| <b>Mannvist</b>          | <ul style="list-style-type: none"> <li>• Vesturhluti leiðarinnar liggur nálægt byggð. Þar má einnig sjá ræktaðan skóg og sveitabæi með tilheyrandi umhverfi.</li> </ul>  |
| <b>Útsýni</b>            | <ul style="list-style-type: none"> <li>• Til vesturs er Lagarfljót í forgrunni og fjöll í fjarska.</li> <li>• Í austurátt afmarkast sjóndeildarhringurinn víða af Fjarðarheiði og Gagnheiði.</li> <li>• Nokkuð flatlent er á svæðinu almennt.</li> <li>• Víðsýni verður lítil sem engin sunnar á leiðinni vegna þéttleika skógar.</li> </ul>   |

**Tafla 9.** Samantekt á landslagseiginleikum eða landslagsþáttum sem stuðla að einkennum Suðurleiðar.

|  |  |
|--|--|
| <b>Form</b>                              | Bugður og svigður áberandi og minna um hvöss form sem sjást þó á stöku stað.   |
| <b>Línur</b>                             | Ávalar línur eru frekar áberandi en minna um beinar línur í landinu.   |
| <b>Áferð</b>                             | Víðast hvar mjög hrjúf áferð birkiskógar og klappa eða mela.   |
| <b>Mynstur</b>                           | Blettastærð er yfir meðallagi smágerð. Vatn, fjölbreytt gróðurfar, klappir og melar.   |
| <b>Litbrigði</b>                         | Mjög mikil árstíðabundin litbrigði.  |
| <b>Sjóndeildarhringur og lögun lands</b> | Frekar víðsýnt í allar áttir á vesturhluta leiðarinnar en sunnar á leiðinni þar sem hún tengist Miðleið takmarkast sjóndeildarhringurinn af þéttleika birkiskógar. |

**Verndargildi:**

Nýr vegur mun fara að hluta um svæði nr. 611 á náttúruminjaskrá, austanverðan Eyvindarárdal og Eyvindarárgil (Umhverfisstofnun, á.á.). Þá var gangamunni Héraðsmegin staðsettur við Dalhús í Eyvindardalsgriðlandi sem hefur miðlungs verndargildi samkvæmt náttúrumæraskrá Helga Hallgrímssonar (2010). Veglínar kæmi til með að fara að einhverju leiti inn á Egilsstaðaskógargríðland sem er hluti af Náttúrumæraskrá Helga Hallgrímssonar (2010) en er með ótilgreint verndargildi.

Fimm fléttutegundir á valista hafa verið skráðar á áhrifasvæði veglína og í næsta nágrenni og vegna þeirra hefur verið lagt til að Egilsstaðaskógur, nærliggjandi skóglendi og Egilsstaðaklettur verði friðlýst



(María Harðardóttir o.fl., 2008; Náttúrufræðistofnun Íslands, 2020). Blæosp sem er á válista vex innan fyrirhugaðrar veglínu. Hún flokkast sem tegund í nokkurri hættu þar sem vaxtarsvæði tegundarinnar er takmarkað og vex hún einungis villt á örfáum stöðum á Norður- og Austurlandi (Náttúrufræðistofnun Íslands, 2018). Framkvæmdirnar kæmu til með að valda raski á vistfræðilega mikilvægum og gömlum birkiskógi sem nýtur verndar í lögum nr. 60/2013. Ítarlegri umfjöllun um verndargildi lífríkis má sjá í skýrslu Náttúrustofu Austurlands (Kristín Ágústsdóttir o.fl., 2021).

### 3.4 Veglínan í Seyðisfirði

|                          |   |
|--------------------------|---|
| <b>Helstu kennileiti</b> | <ul style="list-style-type: none"> <li>• Gufufoss</li> <li>• Fjarðará</li> <li>• Selhjallaskógur</li> <li>• Uppistöðulón fyrir Bjólfsvirkjun</li> </ul>   |
| <b>Jarðefni</b>          | <ul style="list-style-type: none"> <li>• Stórgrýti</li> <li>• Hjallar</li> <li>• Klettur</li> <li>• Klappir</li> <li>• Ármelar</li> <li>• Melar upp úr gróðrinum</li> <li>• Mold</li> </ul>   |
| <b>Gróðurfar</b>         | <ul style="list-style-type: none"> <li>• Samfelld gróðurþekja (75-100%).</li> <li>• Manngerður barrskógur.</li> <li>• Mest lyng- og grasmói, eintaka mói skreyttur blómjurtum.</li> </ul>   |
| <b>Mannvist</b>          | <ul style="list-style-type: none"> <li>• Vegurinn</li> <li>• Raflínur</li> <li>• Byggð</li> <li>• Uppistöðulón</li> <li>• Skógrækt</li> <li>• Golfvöllur</li> <li>• Landbúnaður</li> </ul>  |
| <b>Útsýni</b>            | <ul style="list-style-type: none"> <li>• Víðsýnt í austurátt út fjörðinn.</li> <li>• Í aðrar áttir takmarkast útsýni við há fjöll.</li> <li>• Í suðurátt liðast Fjarðará meðfram veginum.</li> <li>• Í vesturátt sést oft glitta í Gufufoss eða aðra fossa í Fjarðará.</li> </ul> |

*Grunngreining landslags:* Seyðisfjörður er frekar djúpur og þröngur fjörður og er grunnform landsins því íhvolft. Gróður einkenndist af lyng- og grasmóa en hér og þar voru móar skreyttir blómjurtum. Þó nokkuð stórt votlendissvæði var neðan Selhjallaskógar þar sem skiptust á blettir með runna- og starungsmýravist sem voru sundurslitnir af lækjum og veginum upp í skógræktina. Frá gangnamunna lá fyrirhuguð veglína við Gufufoss og hélt síðan áfram niður um hjalla og fylgdi Fjarðará í átt að byggð. Sjóndeildarhringurinn afmarkaðist af háum fjöllum í allar áttir en víðsýnt var í austurátt út fjörðinn. Mjög mikill breytileiki var í hæð og undirlendi frekar lítið. Landslag svæðisins einkenndist því af bröttum fjöllum og hjöllum þar sem beinar línur voru áberandi í klettabeltum efst til fjalla. Mannert land þakti stóra hluta við veglínuna, s.s. Hagavöllur (golfvöllur Seyðfirðinga), gömul tún, hrossabeitarsvæði og skógræktin við Selhjallaskóg.

Tafla 10 gerir grein fyrir helstu landslagspáttum svæðisins og Tafla 11 tekur saman landslagseiginleika.



**22. mynd.** Staðsetning myndapunkta viðveglínu í Seyðisfirði. Alls voru 11 myndapunktar við veglínuna.





**23. mynd.** Horft í vesturátt úr myndapunkti S001 í átt að Gufufossi sem fellur fram af einum af mörgum hraunhjöllum í firðinum. Ljósmynd: KÁ.



**24. mynd.** Horft í suðurátt úr myndapunkti S006. Sjá mátti uppistöðulónið fyrir Bjólfsvirkjun undir bröttum hlíðum fjalla þar sem klettabelti voru áberandi í landslaginu. Ljósmynd: KÁ.





**25. mynd.** Horft í vesturátt upp fjörðinn úr myndapunkti S005. Þar sást glitta í Gufufoss og aðra fossa í Fjarðará. Selhjallaskógur, raflínur og vegurinn áberandi mannvist. Ljósmynd: KÁ.



**26. mynd.** Horft í austurátt úr myndapunkti S010 sem var staðsettur á Hagavelli. Þar var víðsýnt út fjörðinn og hæðarmunur í landslaginu mikill líkt og sjá mátti á Strandartindi sem trónir yfir bænum sunnanverðum. Fyrirhuguð veglína mun þvera golfvöllinn. Ljósmynd: KÁ.

**Tafla 10.** Samantekt á grunnþáttum landslags í Seyðisfirði. M.a. byggt á Kristín Ágústsdóttir o.fl. 2021.

|                          |   |
|--------------------------|---|
| <b>Helstu kennileiti</b> | <ul style="list-style-type: none"> <li>• Gufufoss</li> <li>• Fjarðará</li> <li>• Selhjallaskógur</li> <li>• Uppistöðulón fyrir Bjólfsvirkjun</li> </ul>   |
| <b>Jarðefni</b>          | <ul style="list-style-type: none"> <li>• Stógrýti</li> <li>• Hjallar</li> <li>• Klettur</li> <li>• Klappir</li> <li>• Ármelar</li> <li>• Melar upp úr gróðrinum</li> <li>• Mold</li> </ul>  |
| <b>Gróðurfar</b>         | <ul style="list-style-type: none"> <li>• Samfelld gróðurþekja (75-100%).</li> <li>• Manngerður barrskógur.</li> <li>• Mest lyng- og grasmói, eintaka mói skreyttur blómjurtum.</li> </ul>   |
| <b>Mannvist</b>          | <ul style="list-style-type: none"> <li>• Vegurinn</li> <li>• Raflínur</li> <li>• Byggð</li> <li>• Uppistöðulón</li> <li>• Skógrækt</li> <li>• Golfvöllur</li> <li>• Landbúnaður</li> </ul>  |
| <b>Útsýni</b>            | <ul style="list-style-type: none"> <li>• Víðsýnt í austurátt út fjörðinn.</li> <li>• Í aðrar áttir takmarkast útsýni við há fjöll.</li> <li>• Í suðurátt liðast Fjarðará meðfram veginum.</li> <li>• Í vesturátt sést oft glitta í Gufufoss eða aðra fossa í Fjarðará.</li> </ul> |

**Tafla 11.** Samantekt á landslagseiginleikum eða landslagsþáttum sem stuðla að einkenni Seyðisfjarðar.

|  |  |
|--|--|
| <b>Form</b>                              | Hvöss form kletta mjög áberandi í fjallshlíðum og mikið endurtekið form.   |
| <b>Línur</b>                             | Beinar línur víða mjög áberandi í hjöllum í landslaginu, en ávalar línur lækja eru einnig áberandi.  |
| <b>Áferð</b>                             | Hrjúf áferð er ríkjandi vegna hjalla í fjallshlíðum en slétt áferð verður þó meira áberandi nær byggð, þá helst í kringum sléttan golfvöllinn. |
| <b>Mynstur</b>                           | Blettastærð er í meðallagi stór og fjölbreytileiki líka.   |
| <b>Litbrigði</b>                         | Mjög mikill árstíðabundin litauði.   |
| <b>Sjóndeildarhringur og lögun lands</b> | Opinn sjóndeildarhringur til austur en landslag aflokað í aðrar áttir vegna hárra fjalla.  |

**Verndargildi:**

Núverandi vegur liggur um vatnsverndarsvæði og óhjákvæmilegt að nýr vegur verði einnig innan þess. Þá ber að vernda vatnsfarvegi og fossa eins og kostur er samkvæmt náttúruverndarlögum nr. 60/2013.



## 5. Samanburður veglína

### 5.1 Niðurstöður á heildarvægi

Ljóst er að fyrirhugaðar framkvæmdir koma til með að vera sýnilegar og hafa áhrif á upplifun þeirra sem eiga leið um svæðið, bæði íbúa og þá sem dvelja þar frístundum. Áhrif framkvæmda á landslag geta verið varanleg eða tímabundin, ýmist á framkvæmdartíma og/eða þegar mannvirki eru komin í notkun. Á framkvæmdartímanum er hávaði frá stórum vinnuvélum, sprengingar, útblástursmengun, hætta á mengunarslysum, rykmengun og röskun á samgöngum dæmi um tímabundin áhrif. Framkvæmdin mun hafa sjónræn áhrif og skipta upp svæðum og þar af leiðandi mynda skil í landslagið. Svæðið Héraðsmegin er mikið gróið og því ljóst að framkvæmdir koma til með að hafa margþætt áhrif, þar sem gróðursvæði eru viðkvæm og mikil hætta er á frekara rofi vegna jarðrasks.

Á Norðurleið þyrfti að þvera fjölda straumvatna og lífríki þeirra er lítið sem ekkert rannsakað. Áhrifin yrðu líklegast mest á framkvæmdartímanum en eru mögulega afturkræf ef rétt er gengið frá ræsum og brúm þannig að það hefti ekki ferðir laxfiska og stærri hryggleysingja. Leggja þarf 1 km langan bráðabirgðaveg frá Hringvegi að jarðgangamunna, vegna Mið- og Suðurleiðar. Bráðabirgðavegurinn þverar Eyvindará ofan Eyvindarárgils og þar kæmi bráðabirgðabrá, þar sem áin fellur um áreyrar. Nú þegar er vað á ánni á þessum stað og slóðar beggja vegna árinna (sjá



16. mynd). Bráðabirgðavegurinn og -brúin yrðu fjarlægð að loknum framkvæmdum.

Öll nýlagning vega hefur í för með sér rask og er því einnig lítið til hversu stór hluti hversrar veglínu er enduruppbygging á núverandi vegi við mat á heildarvægi hugsanlegra framkvæmda.

Samantekt á áhrifum framkvæmda á landslag og sjónræna þætti með tilliti til verndargildis og vægi áhrifa má sjá í Tafla 12. Niðurstöður á einkunnagiöf fyrir heildarvægi hugsanlegra framkvæmda á öllum veglínunum má sjá í Tafla 13.

**Tafla 12.** Samantekt áhrifa veglína á landslag og sjónræna þætti með tilliti til verndargildis og vægi áhrifa. Viðmið á verndargildi eru metin lág (1), miðlungs (2) eða há (3) (Viðauki 3).

|                    | Viðmið á gildi landslags |            |                | V.gildi | Sjónræn áhrif     |          |          | Umfang mannvirkis |          |          | Áhrif á landslag |           |          |
|--------------------|--------------------------|------------|----------------|---------|-------------------|----------|----------|-------------------|----------|----------|------------------|-----------|----------|
|                    | fjölbreytileiki          | heildstæði | mikilfengleiki |         | heildarniðurstaða | óveruleg | miðlungs | veruleg           | óveruleg | miðlungs | verulegt         | óverulegt | miðlungs |
| Norðurleið         | 2                        | 3          | 2              | 2       |                   |          | x        |                   | x        |          |                  |           | x        |
| Miðleið            | 2                        | 3          | 2              | 2       |                   |          | x        |                   | x        |          |                  | x         |          |
| Suðurleið          | 2                        | 3          | 2              | 2       |                   |          | x        |                   | x        |          |                  |           | x        |
| Seyðis-fjarðarleið | 3                        | 2          | 3              | 3       | x                 |          |          |                   | x        |          |                  | x         |          |

**Tafla 13.** Niðurstöður á einkunnagjöf fyrir heildarvægi hugsanlegra framkvæmda á öllum veglínunum.

|                    | Heildaráhrif á landslag og sjónræna þætti |                 |               |          |                |                  |                 |        |
|--------------------|---|-----------------|---------------|----------|----------------|------------------|-----------------|--------|
|                    | Veruleg jákvæð                            | Talsverð jákvæð | Nokkuð jákvæð | Óveruleg | Nokkuð neikvæð | Talsverð neikvæð | Veruleg neikvæð | Óvissa |
| Norðurleið         |   |                 |               |          |                | x                |                 |        |
| Miðleið            |   |                 |               |          | x              |                  |                 |        |
| Suðurleið          |   |                 |               |          |                | x                |                 |        |
| Seyðis-fjarðarleið |   |                 |               | x        |                |                  |                 |        |

### 5.1.2 Norðurleið

Norðurleið liggur austan megin við Eyvindará en þverar ána á nokkrum stöðum. Niðurstöður mats á áhrifum Norðurleiðar, með tilliti til verndargildis og vægi áhrifa gefa til kynna að fyrirhuguð framkvæmd kemur til með að hafa **veruleg** áhrif á landslag og að heildaráhrif á landslag og sjónræna þætti verði **talsverð neikvæð**. Norðurleið skartar heildstæðu og mikilfenglegu landslagi og þarf að lágmarka neikvæð áhrif framkvæmda með því að beita mótvægisáðgerðum, þá sérstaklega á gróður.



Nýlagning vegar vegna Norðurleiðar yrði 8,7 km samtals og tvær nýjar brýr yfir Eyvindará sem hvor um sig yrði 100 m. Einnig þarf að byggja 30 m langa brú á Miðhúsaá og setja ræsi í Uppsalaá. Nýjar brýr koma til með að breyta landslaginu í návist ána.

Hér fyrir neðan má sjá myndir þar sem Norðurleið hefur verið teiknuð inn í landslagið. Allar myndir voru unnar af Mannviti. Fleiri myndir má sjá í viðauka 4 ásamt korti sem sýnir staðsetningu myndapunkta og í hvaða átt myndirnar voru teknar.




**27. mynd.** Horft í suðurátt úr punkti DJI\_0427. Myndin til vinstri sýnir landslag eins og það er í dag en myndin til hægri sýnir hvernig hugsanlegar framkvæmdir kæmu til með að líta út, gangamunna við Dalhús og veglínu austan megin við Eyvindará. Ljósmyndir og þrívíddarvinnsla: Mannvit.



**28. mynd.** Horft í suðurátt úr punkti DJI\_0532. Myndin til vinstri sýnir landslag eins og það er í dag en myndin til hægri sýnir hvernig hugsanlegar framkvæmdir kæmu til með að líta út í landslaginu. Ljósmyndir og þrívíddarvinnsla: Mannvit.





**29. mynd.** Horft í norðurátt úr punkti 8500. Myndin til vinstri sýnir landslag eins og það er í dag en myndin til hægri sýnir hvernig hugsanlegar framkvæmdir kæmu til með að líta út í landslaginu. Ljósmyndir og þrívíddarvinnsla: Mannvit.


### 5.1.3 Miðleið

Legu núverandi hringvegur um Egilsstaðaháls yrði breytt á 3,1 km löngum kafla frá Fagradalsbraut neðan Hálsbrekku að núverandi Hringvegi til móts við Dalhús. Niðurstöður mats á áhrifum Miðleiðar, með tilliti til verndargildis og vægi áhrifa gefur til kynna að fyrirhuguð framkvæmd kemur til með að hafa **miðlungs** áhrif á landslag og að heildaráhrif á landslag og sjónræna þætti verði **nokkuð neikvæð**. Miðleið skartar þéttum og gróskumiklum birkiskógi og því ljóst að áhrif framkvæmda yrðu mikil á skóginn. Vanda þarf því til verka við framkvæmdir til að lágmarka neikvæð áhrif og beita mótvægis-aðgerðum í samráði við Skipulagsstofnun og Skógræktina. Hins vegar er Miðleið stysti kosturinn og því ljóst að sjónræn áhrif á landslag yrðu töluvert minni en vegna annarra valkosta Héraðsmegin.


Framkvæmdir vegna Miðleiðar eru samtals 4,1 km og byggja þarf nýja 110 m langa brú yfir Eyvindará þar sem hún fellur í gljúfri. Nýr vegur frá gangamunna að Hringvegi yrði 1 km langur og tengdur við núverandi vegakerfi án þess að endurbyggja meira af því en nauðsynlegt er. Nýr hringvegur yrði færður til á 3,1 km kafla en færi áfram um þéttbýlið.

Leggja þarf 1 km langan bráðabirgðaveg frá hringvegi að jarðgangamunna vegna Miðleiðar. Bráðabirgðavegurinn þverar Eyvindará ofan Eyvindarárgils, þar sem áin fellur um áreyrar og þar kæmi bráðabirgðabrá. Nú þegar er vað á þeim stað á ánni og slóðar beggja vegna árinna. Vegurinn og brúin yrðu fjarlægð að loknum framkvæmdum.

Hér fyrir neðan má sjá myndir þar sem Miðleið hefur verið teiknuð inn í landslagið. Allar myndir voru unnar af Mannviti. Fleiri myndir má sjá í viðauka 4 ásamt korti sem sýnir staðsetningu myndapunkta og í hvaða átt myndirnar voru teknar.



**30. mynd.** Horft í suðurátt úr punkti DJI\_0427. Myndin til vinstri sýnir landslag eins og það er í dag en myndin til hægri sýnir hvernig hugsanlegar framkvæmdur kæmu til með að líta út í landslaginu, gangamunninn við Dalhús og brúin yfir Eyvindará. Ljósmyndir og þrívíddarvinnsla: Mannvit.



**31. mynd.** Horft í norðvesturátt úr punkti 8538, frá gangamunna. Myndin vinstra megin sýnir landslag eins og það er í dag en til hægri má sjá hvernig Miðleið kæmi til með að líta út í landslaginu. Ljósmyndir og þrívíddarvinnsla: Mannvit.

#### 5.1.4 Suðurleið

Niðurstöður mats á áhrifum Suðurleiðar, með tilliti til verndargildis og vægi áhrifa gefur til kynna að fyrirhuguð framkvæmd kemur til með að hafa **veruleg** áhrif á landslag en að heildaráhrif á landslag og sjónræna þætti verði **talsverð neikvæð**.

Suðurleið er ekki leið sem stendur ein og sér heldur er Miðleið alltaf hluti af leiðinni. Veglínan er um 2,7 km löng og liggur sunnan þéttbýlisins á Egilsstöðum að Fagradalsbraut þar sem hún tengist Miðleið og liggur áfram inn fyrir Dalhúsvegamót, samtals yrði nýlagning vegar því 5,8 km. Nýr vegur frá gangamunna að Hringvegi yrði 1 km langur og tengdur við núverandi vegakerfi án þess að endurbyggja meira af því en nauðsynlegt er. Samkvæmt Miðleið þarf að byggja 110 m langa brú yfir Eyvindará og leggja 1 km langan bráðabirgðaveg. Það sama gildir verði Suðurleið fyrir valinu.

Leggja þarf 1 km langan bráðabirgðaveg frá hringvegi að jarðgangamunna vegna Miðleiðar. Bráðabirgðavegurinn þverar Eyvindará ofan Eyvindarárgils, þar sem áin fellur um áreyrar og þar kæmi



bráðbirgðabruú. Nú þegar er vað á þeim stað á ánni og slóðar beggja vegna árinna. Vegurinn og brúin yrðu fjarlægð að loknum framkvæmdum.


Hér fyrir neðan má sjá myndir þar sem Suðurleið hefur verið teiknuð inn í landslagið. Allar myndir voru unnar af Mannviti. Fleiri myndir má sjá í viðauka 4 ásamt korti sem sýnir staðsetningu myndapunkta og í hvaða átt myndirnar voru teknar.



**32. mynd.** Horft í norðausturátt úr punkti DJI\_0553 þar sem Suðurleið liggur sunnan þéttbýlisins á Egilsstöðum. Ljósmyndir og þrívíddarvinnsla: Mannviti.

Niðurstöður mats á áhrifum veglínu í Seyðisfirði, með tilliti til verndargildis og vægi áhrifa gefur til kynna að fyrirhuguð framkvæmd kemur til með að hafa **óveruleg** áhrif á landslag og að heildaráhrif á landslag og sjónræna þætti verði einnig **óveruleg**. Byggist sú einkunn á því að ný veglína liggur að mestu ofan núverandi vegar og breytingar á landslagi verða því minniháttar. Endurskoða þarf legu veglínunnar á 2,6 km kafla.

Hér fyrir neðan má sjá myndir þar sem veglínan í Seyðisfirði hefur verið teiknuð inn í landslagið. Allar myndir voru unnar af Mannviti. Fleiri myndir má sjá í viðauka 4 ásamt korti sem sýnir staðsetningu myndapunkta og í hvaða átt myndirnar voru teknar.





**34. mynd.** Horft í vesturátt úr punkti DJL\_0740, þar sem nýr gangamunni er áætlaður. Á myndinni til hægri má sjá hvernig framkvæmdir koma til með að líta út í landslaginu. Ljósmyndir og þrívíddarvinnsla: Mannvit.

## 5.2 Efnistökusvæði, efnislosunarsvæði og vinnubúðir

Öll efnistaka á framkvæmdasvæðinu er háð framkvæmdarleyfi sveitastjórnar (lög um rannsóknir og nýtingu á auðlindum í jörðu, nr. 57/1998). Mikið af sprengdu bergi mun falla til við jarðgangagerðina og stefnir Vegagerðin á að nýta efnið sem kemur úr göngunum sem fyllingarefni og burðarlög í nýja vegi. Jafnframt þarf steinefni í klæðingu og steinsteypu sem verktaki mun sjá um að útvega úr viðurkenndri námu eða flytja inn. Því stendur ekki til að námusvæði og efnistaka muni eiga sér stað í nálægð við fyrirhugaðar veglínur. Aftur á móti fellur mikið af umframefni til við jarðgangagerð sem ekki mun nýtast við framkvæmdina sjálfa og þarf að koma fyrir á efnislosunarsvæði. Fyrirhuguð efnislosunarsvæði verða því við báða gangamunna líkt og sjá má á 1. mynd. Gert er ráð fyrir að umframefni sem ekki verður nýtt í vegagerð verði geymt tímabundið í haugum við gangamunna og að það nýtist smám saman til framkvæmda í sveitarfélaginu. Aðstaða verður sett upp í nágrenni við gangamunnann með bráðabirgðatengingu við vegkerfið og því ekki ólíklegt að nokkuð rask verði í tengslum við þá aðstöðu en gert er ráð fyrir að hún verði fjarlægð að loknum framkvæmdum. Líklegt er að fjöldi starfa skapist vegna umfangs framkvæmda en ekki liggur fyrir hvort verktaki muni setja upp vinnubúðir. Því er óljóst hvort eða hvaða áhrif vinnubúðir kæmu til með að hafa á landslag. Ef til þess kemur að reisa vinnubúðir verður það gert í samráði við hlutaðeigandi.

## 5.3 Mótvægisáðgerðir

Vanda þarf til verka þegar kemur að því að draga úr sjónrænum áhrifum á landslag með mótvægisáðgerðum. Miklu máli skiptir að röskuð svæði verði formuð á þann máta að þau falli sem best að nærliggjandi umhverfi, þá sér í lagi þarf að aðlaga skeringar, fyllingar og haugsetningasvæði sem best að landslagi. Mikilvægt er að viðhalda fjölbreytileika svæðanna og milda áberandi manngerðar línur. Sérstaklega er brýnt að vanda frágang og mótvægisáðgerðir á svæðum sem eru metin með hátt verndargildi með tilliti til fjölbreytni í landformum og áferð, heildstæðni og upplifun.

Markmið mótvægisáðgerðanna er að koma í veg fyrir, draga úr eða bæta fyrir neikvæð umhverfisáhrif framkvæmdarinnar. Vegir geta brotið upp landslagsheildir og þar sem gróðurhula er fjarlægð er jarðvegur viðkvæmari fyrir vatns- og vindrofi sem hefur áhrif á uppbot búsvæða. Það getur leitt til lægra hlutfalls kjarnasvæða miðað við jaðar svæði sem hefur áhrif á líffræðilega fjölbreytni. Uppbot búsvæða og hnignun vistkerfa í tengslum við vegagerð getur orðið til þess að útbreiðsla framandi og ágengra plöntutegunda verður auðveldari, þar sem þær hafa tilhneigingu til að þrífast vel á röskuðum svæðum (Guðrún Óskarsdóttir og Ása L. Aradóttir, 2015). Þá er varanleg eyðing skóga að hluta eða öllu leyti óheimil samkvæmt lögum um skóga og skógrækt (nr. 33/2019) en ef ekki verður komist hjá því skal leita leiðbeininga hjá Skipulagsstofnun og umsagnar hjá Skógræktinni. Ljóst er að valkostir allra veglína Héraðsmegin koma til með að valda varanlegri eyðingu á hluta skógarins og frekara uppboti hans. Einnig er mikilvægt að endurheimta votlendi í takt við það votlendi sem tapast. Í samráði við sveitarfélagið/landeigendur skal fjarlægja bráðabirgðaveg og vinnuslóða sem ekki koma til með að nýtast til frambúðar að loknum framkvæmdum.

Helstu mótvægisáðgerðir sem mögulegt er að beita til að vega upp á móti neikvæðum áhrifum vega-gerðar á landslag og ásýnd lands eru m.a. að móta allar skarpar brúnir fyllinga og skeringa þannig þær séu ávalar og í samræmi við nærliggjandi umhverfi. Leitast skal við að útlit skeringa endurspegli línur og form í nærliggjandi landslagi til að draga úr neikvæðum sjónrænum áhrifum framkvæmda. Ganga þarf frá fláum þannig að þeir falli sem best að umhverfi sínu og halli sé ekki brattari en 1:2. Þannig er möguleiki á því að náttúrulegur gróður geti náð sér á strik (Helga Aðalgeirsdóttir o.fl., 2020). Til að hjálpa til við að tengja raskað svæði við nærliggjandi land og mynda nýja eða stækka núverandi landslagsheild skal losa og aðlaga yfirborð aflagðra vegkafla að landinu og þannig auðvelda framvindu gróðurs. Að lokum skal huga að landslagsheildum við frágang á framkvæmdasvæðinu en með því að halda sömu yfirborðsásýnd fyrir og eftir framkvæmd er dregið úr neikvæðum sjónrænum áhrifum framkvæmdarinnar.

## 6. Samantekt

Fyrirhugað framkvæmd kemur til með að hafa áhrif á víðfeðmt svæði og hefur hluti framkvæmda-svæðis gildi á landsvísu vegna stöðu á náttúruminjaskrá. Framkvæmdin kemur til með að hafa bæði afturkræfar og óafturkræfar breytingar í för með sér og munu sumar þeirra valda varanlegum breytingum á landslagi. Neikvæð áhrif er að hluta til hægt að lágmarka með því að beita mótvægisáðgerðum líkt og þeim sem voru nefndar hér að ofan.

Norðurleið kemur til með að hafa **talsverð neikvæð** áhrif á landslag enda sá valkostur Héraðsmegin sem er lengstur og fer um fjölbreyttustu búsvæðin. Leggja þarf tvær nýjar brýr yfir Eyvindará sem hvor um sig yrði 100 m ásamt því að leggja 30 m langa brú á Miðhúsaá. Síðan mun hún þvera fjölda minni lækja með ræsum. Nýjar brýr koma til með að breyta landslaginu í návist ánnu. Norðurleið fer einnig í gegnum svæði sem teljast til verðmætra svæða og eru á náttúruminjaskrá eða náttúrumæraskrá Helga Hallgrímssonar.

Miðleið er sá valkostur sem myndi hafa minnstu áhrif á landslag, enda er hún styst og þverar Eyvindará eingöngu á einum stað. Hún fer hvergi yfir víðfeðm votlend svæði en fer þó að miklu leyti um birkiskóg. Miðleið kemur til með að hafa **nokkuð neikvæð** áhrif á landslag og er það aðallega vegna nýlagningar vegar.

Suðurleið er veglína sem stendur ekki ein og sér heldur er alltaf hluti af Miðleið líka. Framkvæmdir kæmu til með að hafa **talsverð neikvæð** áhrif á landslag þar sem hún fer yfir stærstu votlendissvæðin, birkiskóg og aðrar vistgerðir sem skilgreindar eru með hátt verndargildi. Þó að Suðurleið sé styttri en Norðurleið kæmi hún til með að valda meira raski á gróðri.

Veglínan í Seyðisfirði kemur helst til með að hafa áhrif á útivistarsvæði, þar sem fyrirhugað efnis-losunarsvæði liggur við neðri mörk Selhjallaskógar og veglínun mun þvera miðjan golfvöll Seyðfirðinga. Talið er að heildaráhrif á landslag og sjónræna þætti verði **óverulegt** vegna þess að stór hluti veglínunnar liggur að mestu ofan núverandi vegar og breytingar á landslagi verða því minniháttar.



## 7. Heimildaskrá

- Anna Rut Arnardóttir, Gréta Hlín Sveinsdóttir, Hjörtur Örn Arnarson, Ingibjörg Sveinsdóttir, Ólafur Árnason, Paul Macrae og Sam Oxley. (2020). *Landslag á Íslandi. Flokkun og kortlagning landslagsgerða á landsvísu*. Reykjavík: Verkfræðistofan Efla.
- Ásdís Hlökk Theodórsdóttir, Hólmfríður Sigurðardóttir, Jakob Gunnarsson, Pétur Ingi Haraldsson og Carine Chatenay. (2005). *Leiðbeiningar um flokkun umhverfisþátta, viðmið, einkenni og vægi umhverfisáhrifa*. Reykjavík: Skipulagsstofnun.
- ESRI (2020). Esri, DigitalGlobe, GeoEye, Earthstar Geographics, CNES/Airbus DS, USDA, USGS, AeroGRID, IGN, and the GIS User Community.
- Guðrún Óskarsdóttir og Ása L. Aradóttir. (2015) Vegvist – Vistvænar lausnir við frágang á vegsvæðum. *Rit LBHI nr. 59*. Landbúnaðarháskóli Íslands: Hvanneyri.
- Helga Aðalgeirsdóttir, Sóley Jónasdóttir, Gísli Eiríksson og Viðar Jónsson. (2020). *Mat á umhverfisáhrifum. Tillaga að matsáætlun. Fjarðarheiðargöng. Seyðisfjarðarvegur (93) og Hringvegur (1) í Múlaþingi*. Vegagerðin, Hönnunardeild og Jarðgangadeild, október 2020.
- Helgi Hallgrímsson. (2010). Náttúrumæraskrá Helga Hallgrímssonar. Fljótsdalshérað. Skoðað í mars 2021 á: <https://geo.alta.is/nms/?z=10&lat=65.19654318&lng=-14.58251120>
- Hulda Birna Albertsdóttir og Sóley Valdimarsdóttir. (2016). *Mat á áhrifum vegaf framkvæmda á landslag milli Bjarkalundar og Skálaness í Þorskafirði*. Náttúrustofa Vestfjarða, NV nr. 1-16. Bolungarvík: Náttúrustofa Vestfjarða.
- Hulda Birna Albertsdóttir. (2019). *Mat á áhrifum vegaf framkvæmda á landslag á Vestfjarðarvegi (60) um Dynjandisheiði og Bíldudalsvegi (63)*. Náttúrustofa Vestfjarða, NV nr. 8-19. Bolungarvík: Náttúrustofa Vestfjarða.
- Kristín Ágústsdóttir, Hálfán Helgi Helgason, Guðrún Óskarsdóttir, Skarphéðinn G. Þórisson, Erlín E. Jóhannsdóttir og Halldór W. Stefánsson. (2021). *Fjarðarheiðargöng. Lífríki á áhrifasvæði mögulegra veglína*. Náttúrustofa Austurlands, NA nr. 210205.
- Kristjana Einarsdóttir og Sóley Valdimarsdóttir. (2011). *Landslag við norðanverðan Breiðarfjörð. Mat á áhrifum vegaf framkvæmda á landslag, milli Eiðis í Vattarfirði og Þverár í Kjálkafirði*. Náttúrustofa Vestfjarða, NV nr. 08-11. Bolungarvík: Náttúrustofa Vestfjarða.
- Lög um náttúruvernd nr. 60/2013.
- Lög um rannsóknir og nýtingu á auðlindum í jörðu nr. 57/1998.
- Lög um skóga og skógrækt nr. 33/2019. Sótt í apríl 2021 á: <https://www.althingi.is/lagas/150c/2019033.html>
- María Harðardóttir, Erling Ólafsson, Kristinn Haukur Skarphéðinsson, Sigmundur Einarsson, Sigurður H. Magnússon, Starri Heiðmarsson og Jón Gunnar Ottósson. (2008). *Verndun svæða, vistgerða og tegunda. Tillögur Náttúrufræðistofnunar Íslands vegna náttúruverndaráætlunar 2009–2013*. Náttúrufræðistofnun Íslands, NÍ 08008. Reykjavík: Náttúrufræðistofnun Íslands.
- Náttúrufræðistofnun Íslands. (2018). *Válisti æðplantna*. Sótt í apríl 2021 á: <https://www.ni.is/midlun/utgafa/valistar/plontur/valisti-aedplantna>
- Náttúrufræðistofnun Íslands. (2020). *Fundarstaðir flétta*. Óbirtur gagnagrunnur (Starri Heiðmarsson).
- Ólafur Árnason, Rut Kristinsdóttir og Rannveig Ólafsdóttir. (2010). *Aðferðir við mat á áhrifum framkvæmda á landslag og sjónræna þætti*. Reykjavík: Verkfræðistofan Efla.
- Ólafur Árnason. (2005). *Aðferðir við mat á landslagi*. Línuhönnun verkfræðistofa.
- Ólafur Einarsson, Hörður Kristinsson, Kristinn Haukur Skarphéðinsson og Jón Gunnar Ottósson. (2002). *Verndun tegunda og svæða. Tillögur Náttúrufræðistofnunar Íslands vegna*

*Náttúruverndaráætlunar 2002. Náttúrufræðistofnun Íslands, NÍ 02016. Reykjavík:  
Náttúrufræðistofnun Íslands.*

Samsýn (2018). *SamsynGratonakort og SamsynGratonakort\_Ornefni*. Kortið byggist á gögnum frá Samsýn, LMÍ, LUKR o.fl. Sótt í gegnum ArcGIS Online í nóvember 2020.

Skipulagslög nr. 123/2010.

Umhverfis og auðlindaráðuneytið. (á.á.a). *Alþjóðlegir umhverfissamningar. Líffræðileg fjölbreytni*. Sótt á vef þann 31.3.2021 af slóð: <https://www.umhverfisraduneyti.is/althjodlegt-samstarf/samningar/nr/58>

Umhverfis og auðlindaráðuneytið. (á.á.b). *Alþjóðlegir umhverfissamningar. Bernarsamningur*. Sótt á vef þann 31.3.2021 af slóð: <https://www.umhverfisraduneyti.is/althjodlegt-samstarf/samningar/nr/45>

Umhverfisstofnun (á.á.). *Náttúruverndarsvæði – Náttúruminjaskrá – Austurland*. Sótt í mars 2020 á: <https://www.ust.is/nattura/natturuverndarsvaedi/natturuminjaskra/austurland/>

Þóra Ellen Þórhallsdóttir, Þorvarður Árnason, Hlynur Bárðarson og Karen Pálsdóttir. (2010). *Íslenskt landslag – Sjónræn einkenni, flokkun og mat á fjölbreytni*. Háskóli Íslands: Reykjavík.

## Viðauki 1 – Útskýringar á breytum í gátlista

Stuðst var við gátlista frá LÍV (Þóra Ellen o.fl. 2010) að mestu, sumar breytur sem áttu ekki við voru teknar út og aðrar breytur settar inn í staðinn. Öllum breytunum var gefin einkunn á skalanum 1 (mjög lítið áberandi, dreift, stakt, slétt eða smágert) til 5 (mjög áberandi, hár þéttleiki, hrjúft eða grófmynstrað) en 0 var gefið ef viðkomandi breyta sást ekki í landinu. Einnig var mannvist, jarðefni og staki lýst sérstaklega. Að neðan er nánari lýsing á breytunum og hvernig þær voru metnar.

**1. Grunnlögun lands.** Vísar til lögunar landsins á stórum kvarða og hvernig söfnunarpunkturinn situr í landinu miðað við sjóndeildarhring. Gildi fóru frá mjög íhvolfu landslagi, þar sem söfnunarpunkturinn liggur lágt, í flatlendi og síðan í ávalt landslag þar sem hallar frá söfnunarpunkti.

**2. Víðsýni eða dýpt landslagsins.** Þessi breyta endurspeglar hversu fjarlægur sjóndeildarhringurinn er. Þegar sjóndeildarhringurinn er fjarlægur er víðsýni mikil og þar hefur landslagið mikla dýpt. Hér var einungis merk við mestu víðsýni, óháð átt.

**3. Breytileiki í hæð.** Breytileiki í hæð var metinn sem mismunurinn á lægsta og hæsta sýnilega punkti innan 20 km radíuss.

**4. Form og línur.** Ferns konar form og línur voru metin. Há einkunn var gefin ef tiltekið form kom oft fyrir.

**a. Beinar línur** eru einkum áberandi á elstu svæðum landsins og endurspeglar gjarnan stafla af blágrýtishraunum frá Tertíer þar sem hvert lag sýnir eitt hraunlag. Þessi lög eru ýmist nær lárétt eða hallar inn til landsins. Þau sjást hátt í fjöllum, þ.e. í klettabeltunum fyrir ofan skriður og laus jarðefni sem hylja neðri hlíðar. Einnig birtast þau sem klettabelti sem standa upp úr votlendi.

**b. Ávalar línur og form.** Þau eru ekki síst afsprengi ferla sem tengjast jöklum, framrás þeirra og hörfun, og meðal þeirra eru jökulgarðar og malarásar. Ávöl form eru bæði stór fjöll og smærri fyrirbæri.

**c. Hvöss form** vísa til forma sem dragast saman í hvassan odd.

**d. Bugður og svigður** eru dæmigerðar fyrir ár, bæði þær sem liggja í þroskuðum farvegum en einnig fyrir jökulár sem kvíslast á breiðum aurum. Þær eru þó ekki bundnar við rennandi vatn og oft má sjá áberandi svigður í fjallshlíðum.

**e) Breytileiki í formum** endurspeglar hversu mörg ólík form sást í landinu og hversu algeng þau voru. Há einkunn endurspeglar að mörg form sást og voru áberandi.

**5. Endurtekin form.** Endurtekin form eru mjög áberandi á ákveðnum svæðum á landinu. Oft eru þau tengd eldvirkni. Stundum mynda þau mjög reglulegt mynstur en önnur eru óregluleg.

**6. Gróðurþekja.** Hlutfall yfirborðs með gróðurþekju var metið sjónrænt ( 1% þekju; >1 – 5% þekju, 5-25%, 25-50%, 50-75% og 75-100% þekju).

**7. Fjölbreytni gróðurs.** Fjölbreytni var metin sem fjöldi ólíkra gróðurlenda sem sást (miðað við 20 km radíus að hámarki): auðnir og sanda, graslendi, ræktuð tún, votlendi, rústamýrar (flár), mólendi, kjarr og skóglendi. Ef aðeins sást ein gerð gróðurlendis var gefin einkunnin 1 en hámarkseinkunn 5 náðist þegar a.m.k. fimm ólíkar gerðir voru til staðar.



**8. Litauðgi.** Íslenskt landslag býr yfir fágætri fjölbreytni í litrófi og samsetningu lita. Sum svæði eru nánast bara í einum lit en síðan er litauðgi einnig háður árstíðum, því t.d. er meiri litadýrð í gróðurfari að hausti.

**9. Mynstur, blettastærð og fjölbreytni bletta.** Mynstur er hér skilgreint sem tiltekin samsetning eða uppröðun á formum og litum sem birtist sjónrænt í landslagi sem aðgreinanlegir blettir af mismunandi stærð, lögun, lit og áferð. Gróf blettastærð vísar til einsleits lands þar sem allt yfirborðið er svipað ásýndum. Margar auðnir á hálendinu hafa mjög grófa blettastærð. Smágerðir blettir gefa landi sjónræna fjölbreytni. Þeir geta verið margir eða fáir, af mismunandi stærð og eins er mismunandi hversu margbreytilegir blettirnir eru.

**10. Áferð; hrjúfleiki yfirborðs.** Áferð eða hrjúfleiki landsins getur verið ákaflega breytilegur, allt frá sléttum og fíngerðum söndum að stórgrýttu landi eða úfnu hrauni.

**11. Vatn: þekja, straumur og fjölbreytni í birtingarformum.** Þrjár breytur tengdar vatni voru metnar. Þekja vatns í landi var metin. Stöðuvötn fengu 1 fyrir straumpunga, ár/lækir 2-3/4 og fossar 5. Fjölbreytni í birtingarformum var metin (stöðuvötn, tjarnir, lindir, tærar ár, jökulár, flúðir, fossar).

**12. Sjór.** Þekja sjávar var metin. Firðir fengu einkunnina 3.

**13. Snjór og ís.** Þekja á landslagi af snjó eða ís.

**15. Sjónræn fjölbreytni.** Þetta er samsett breyta og var gefin há einkunn eftir því hversu margt af eftirfarandi fór saman: 1) mikill breytileiki í hæð, 2) mikill breytileiki í formum og línunum, 3) fjölbreyttur gróður, 4) mikil litauðgi, 5) smágert og fjölbreytt mynstur, 6) fjölbreytt áferð, og 7) áberandi og mörg birtingarform vatns.

## Viðauki 2 – Útfylltur gátlisti fyrir hvern myndapunkt

Einkunn hverrar breytu er sýnd með appelsínugulum lit.

### Norðurleið

|                            |                       |              |   |          |            |           |                    |
|----------------------------|-----------------------|--------------|---|----------|------------|-----------|--------------------|
| Staðsetning: EHF           | Dagsetning: 29/9/2020 |              |   |          |            |           |                    |
| Helstu kennileiti:         | Áin                   |              |   |          |            |           |                    |
|                            |                       | MÆLIKVARÐI   |   |          |            |           |                    |
| BREYTA, EIGINLEIKI         |                       | Á ekki við 0 | Mjög lítið 1                            | 2        | Miðlungs 3 | 4         | Mjög ríkjandi 5    |
| Grunnlögun landsins        |                       |              | íhvolf (∩)                              |          | flöt       |           | ávöl (∪)           |
| Víðsýni eða dýpt landslags |                       |              | ≤ 3 km                                  | 3-10 km  | 11-20 km   | 21-40 km  | > 40 km            |
| Breytileiki í hæð          |                       |              | 0-100m                                  | 101-300m | 301-600m   | 601-1000m | 1000+m             |
| Form í landi               | Beinar línur          | sjást ekki   |   |          |            |           | mj. áberandi       |
|                            | Ávalar línur/form     | sjást ekki   |   |          |            |           | mj. áberandi       |
|                            | Hvöss form            | sjást ekki   |   |          |            |           | mj. áberandi       |
|                            | Bugður, svigður       | sjást ekki   |   |          |            |           | mj. áberandi       |
|                            | Fjölbreytni forma     |              |   |          |            |           |                    |
| Endurtekin form            |                       |              |   |          |            |           |                    |
| Gróður                     | Þekja                 | lítil (≤ 1%) | 1-5%                                    | 6-25%    | 25-50%     | 50-75%    | samfelld (75-100%) |
|                            | Fjölbreytni           |              |   |          |            |           |                    |
| Lítaðgi                    |                       |              |   |          |            |           |                    |
| Mynstur                    | Blettastærð           |              | gróf                                    |          |            |           | smágerð            |
|                            | Fjölbreytni           |              | lítil                                   |          |            |           | mikil              |
| Áferð                      | Fjölbreytni           |              | lítil                                   |          |            |           | mikil              |
|                            | Hrjúf áferð           |              | lítt áberandi                           |          |            |           | mjög hrjúft        |
|                            | Slétt áferð           |              | lítt áberandi                           |          |            |           | rennislétt         |
| Vatn                       | Þekja                 |              |   |          |            |           |                    |
|                            | Straumur              |              | stöðuvatn                               |          |            |           | sterkur, foss      |
|                            | Birtingarform         |              | aðeins 1 form                           |          |            |           | mörg ólík          |
| Sjór                       | Þekja                 |              |   |          |            |           |                    |
| Snjór                      |                       |              |   |          |            |           |                    |
| Heildarfjölbreytni         |                       |              |   |          |            |           |                    |
| Mannvist                   |                       |              | vegurinn, rafmagnslínur                 |          |            |           |                    |
| Jarðefni                   |                       |              | ármelar, hlíðar, melar upp úr gróðrinum |          |            |           |                    |
| Stak                       |                       |              | áin                                     |          |            |           |                    |

|                            |                             |              |                    |          |            |           |  |
|----------------------------|-----------------------------|--------------|--------------------|----------|------------|-----------|--|
| Staðsetning: 21N           | Dagsetning: 25/9/2020       |              |                    |          |            |           |  |
| Helstu kennileiti:         | Fjall í fjarska, áin, melar |              |                    |          |            |           |  |
|                            |                             | MÆLIKVARÐI   |                    |          |            |           |  |
| BREYTA, EIGINLEIKI         |                             | Á ekki við 0 | Mjög lítið 1       | 2        | Miðlungs 3 | 4         | Mjög ríkjandi 5  |
| Grunnlögun landsins        |                             |              | íhvolf (∩)         |          | flöt       |           | ávöl (∩)   |
| Víðsýni eða dýpt landslags |                             |              | ≤ 3 km             | 3-10 km  | 11-20 km   | 21-40 km  | > 40 km  |
| Breytileiki í hæð          |                             |              | 0-100m             | 101-300m | 301-600m   | 601-1000m | 1000+m   |
| Form í landi               | Beinar línur                | sjást ekki   |                    |          |            |           | mj. áberandi   |
|                            | Ávalar línur/form           | sjást ekki   |                    |          |            |           | mj. áberandi   |
|                            | Hvöss form                  | sjást ekki   |                    |          |            |           | mj. áberandi   |
|                            | Bugður, svigður             | sjást ekki   |                    |          |            |           | mj. áberandi   |
|                            | Fjölbreytni forma           |              |                    |          |            |           |  |
| Endurtekin form            |                             |              |                    |          |            |           |  |
| Gróður                     | Þekja                       | lítil (≤ 1%) | 1-5%               | 6-25%    | 25-50%     | 50-75%    | samfelld (75-100%)   |
|                            | Fjölbreytni                 |              |                    |          |            |           |  |
| Lítauðgi                   |                             |              |                    |          |            |           |  |
| Mynstur                    | Blettastærð                 |              | gróf               |          |            |           | smágerð  |
